

Lagadeild

*Réttur barna í tálmunarmálum*

**Hafa hagsmunir barna í umgengis/tálmunarmálum alltaf forgang?**

**Ritgerð til BS-gráðu**

Nafn nemanda: Kristín Ósk Freysdóttir  
Leiðbeinandi: Þorbjörg Inga Jónsdóttir  
haustmísseri 2021



**HÁSKÓLINN Á BIFRÖST**  
BIFRÖST UNIVERSITY



**Titill greinargerðar:**

## Réttur barna í tálmunarmálum

Hafa hagsmunir barna í umgengni/tálmunarmálum alltaf forgang?

**Höfundur greinargerðar:**

Kristín Ósk Freysdóttir

Kt. 060180–3939

Greinargerðin hefur verið metin samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst og hlotið lokaeinkunnina: \_\_\_\_\_

Háskólinn á Bifröst 6. desember 2021

---

Stimpill skólans

---

Deildarforseti viðskiptadeildar

---

Leiðbeinandi

## Útdráttur

Barn á rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda, það á rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem það varðar og taka þarf réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur og þroska. Þegar taka á ákvarðanir um börn þurfa hagsmunir barns ávallt að hafa forgang. Þetta kemur fram í 1. gr. og 1. gr. a. barnalaga nr. 76/2003, einnig er minnst á rétt barns til að tjá sig um sín eigin mál í 43. gr. barnalaganna og 12. gr. barnasáttmálans. Í 5. gr. laga um breytingu á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 er talað um að þó svo hjón njóti jafnréttis í málum tengdum börnum sínum, þá komi það ekki í veg fyrir að ríki geri nauðsynlegar ráðstafanir vegna hagsmuna barna. Í málum þar sem foreldrar deila um umgengni, lögheimili og forsjá barns þar sem jafnvel umgengnistálmun hefur verið viðhöfð, gleymist oft þessi áhersla á að hagsmunir barnsins eigi ávallt að hafa forgang. Þegar foreldrar ná ekki að leysa úr þessum ágreiningi sjálfir, geta þeir leitað til sýslumanns eða dómstóla og farið fram á þvingunarúrræði. Skilyrði fyrir því að slíkt sé tekið til greina er að sáttameðferð hafi farið fram um helstu ágreiningsefni og að slík meðferð hafi ekki borið árangur. Þvingunarúrræði vegna umgengnistálmunar eru dagsektir, fjárnám fyrir dagsektum og aðför. Barnavernd getur þurft að hafa afskipti af slíkum málum, búi barn við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð o.fl., en sama hvort um er að ræða foreldra, sýslumenn, dómstóla eða barnavernd þá þurfa allir þessir aðilar ávallt að hafa hagsmuni barns í fyrirrúmi. Umboðsmaður Alþingis hefur svo eftirlit með því hvort stjórnvöld hafi að leiðarljósi hvað barni sé fyrir bestu í málum barna, s.s. barnaverndar-, forsjár- og umgengnismálum. Umboðsmaður barna vinnur einnig að því að bæði stjórnvöld og einstaklingar taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna, setur fram ábendingar og tillögur um úrbætur á öllum sviðum samfélagsins o.fl. Hann tekur ekki til meðferðar ágreining milli einstaklinga, en ber að leiðbeina aðilum um leiðir innan stjórnsýslunnar fyrir slík mál. Tillögur um breytingar á lögum varðandi þvingunarúrræði og umgengnistálmanir hafa undanfarið verið til skoðunar. Frumvarp hefur verið sett fram en ekki enn verið samþykkt og eru flestir þeir sem hafa með mál barna að gera mótfallnir því að gera umgengnistálmun refsiverða. Varðandi barnalög, umgengni og þvingunarúrræði hefur verið litið til laga og reynslu á hinum Norðurlöndunum.

## Abstract

A child is any person under the age of 18. A child has the right to be alive, develop in the best way possible, enjoy protection and other rights. Children have the right to express their views on all issues that affect them. Adults should listen and take children seriously. When making decisions about children, the best interests of the child must always come first. Children should not be taken from their parent unless they are not being properly looked after f.ex. if parents hurt or do not take care of a child. If parents don't live together the parents should make sure the child stays in contact with both parents unless it might harm the child. In cases where the parents dispute access, legal domicile and custody of the child and even prevent the other parent to see and be around the child, it is often forgotten that the interests of the child should always come first. When parents fail to resolve such disputes they can seek the assistance of the district magistrates or the courts and even request coercive measures. For this to be taken into account the parent must seek conciliation and such treatment not been successful. Coercive measures for such actions are fines for each day that the parent behavior is maintained, expropriation if daily fines are not paid and enforcement where a child is picked up with the help of authorities. But whether it is parents, district magistrates, courts or child protection, who are responsible for children's cases, all these parties must always put the interests of the child first. The ombudsman of Alþingi in Iceland, monitors that these parties have the best interests of the child in such matters. The ombudsman for children in Iceland strives to ensure that both the government and individuals take full account of children's rights, needs and interests, sets out tips and suggestions for improvements in all areas of society along with other things. The ombudsman for children in Iceland does not deal with disputes between individuals, but should instruct the parties on ways within the administration for such matters. Proposals for changes to the law regarding coercive measures in cases regarding parent who prevents the child to be around or see the other parent, have recently been viewed. These proposals have not been approved yet, most of those involved in children's cases are opposed to making it a criminal offense. Since it is not in the best interests of children to imprison their parent. Iceland has always looked to the other Nordic countries and their experiences in enacting and amending laws.

## Formáli

Við Háskólann á Bifröst er þessi greinargerð metin 12 ECTS-einingar til BS-gráðu í viðskiptalögfræði. Greinargerðin heitir: Réttur barna, hafa hagsmunir barna í umgengnis/tálmunarmálum alltaf forgang?

Höfundur þakkar eftirfarandi fyrir aðstoð við gerð greinargerðarinnar: Þorbjörg Inga Jónsdóttir, hæstaréttarlögmaður og lögfræðingur hjá lögmannsstofunni Lagabíngi, fær sérstakar þakkir fyrir gagnlega leiðsögn.

Bjarni B. Björnsson, prófarkalesari fyrir hröf vðbrögð og yfirlestur.

Undirritaður nemi lýsir því yfir að hafa unnið ritgerð þessa einsömul, að hafa unnið samkvæmt reglum Háskólans á Bifröst og vísað skilmerkilega til heimilda.

*Reykjavík, 6. desember 2021*

---

Kristín Ósk Freysdóttir



## EFNISYFIRLIT

Útdráttur.....	iv
Abstract.....	v
Formáli.....	vi
1. Inngangur.....	10
2. Hugtök.....	12
2.1 Barn.....	12
2.2 Foreldri.....	12
2.3 Feðrun.....	13
2.4 Umgengi.....	14
2.5 Forsjá.....	15
2.6 Samantekt.....	15
3. Lagalegt umhverfi.....	17
3.1 Þjóðaréttur og samspil við landsrétt.....	17
3.2 Ríkisréttur/landsréttur.....	18
3.3 Barnaréttur.....	20
3.4 Samantekt.....	22
4. Umgengnistálmun.....	23
4.1 Umgengnistálmun skilgreind.....	23
4.2 Réttur barns er varðar umgengnistálmun.....	24
4.3 Foreldraofbeldi eða foreldrafirring.....	26
4.4 Samantekt.....	28
5. Sýslumaður og umgengni/forsjá barna.....	29
5.1 Sáttameðferð.....	31
5.2 Dagsektir.....	33
5.3 Fjárnám fyrir dagsektum.....	34
5.4 Aðför.....	34
5.5 Samantekt.....	35
6. Dómaframkvæmd.....	37
6.1 Dómsmál.....	37
6.2 Til hvers ber dómara að líta.....	38
6.3 Málshraði.....	39
6.4 Mat og matsmenn.....	39
6.5 Þegar niðurstöðu dómstóla er ekki fylgt.....	40
6.6 Samantekt.....	40
7. Barnavernd.....	41
7.1 Forsjársvipting.....	42
7.2 Umboðsmaður Alþingis.....	42
7.3 Umboðsmaður barna.....	43
7.4 Samantekt.....	44
8. Samanburður við Norðurlönd.....	45
8.1 Danmörk.....	45
8.2 Noregur.....	46
8.3 Finnland.....	47
9. Niðurstaða.....	49
10. Lokaorð.....	50
Heimildaskrá.....	51
Hugtaka- og efnisorðalisti.....	54





## 1. Inngangur

Í upphafi verður gerð grein fyrir afmörkun á viðfangsefni og aðferðafræði sem notuð er við gerð greinargerðarinnar, rökstuðningi nemanda á vali efnis greinargerðar, uppbyggingu og annmörkum.

### Afmörkun viðfangsefnis

Höfundur leggur áherslu á að svara rannsóknarspurningu við skrif greinargerðar. Stuðst er við lögskýringargögn í íslenskum rétti, blaðagreinar og fræðirit ásamt að skoða bæði lög og dóma sem hafa með málaflokkinn að gera.

Höfundur afmarkar sig við ákvæði barnalaga, barnaverndarlaga og mannréttindi. Einnig er rýnt í dóma, úrskurði og önnur lög, sem snúa beint að rétti barna.

### Kynning á aðferðafræði

Rannsóknin er lögfræðileg og byggist á dómafordæmum, lögum, lagafrumvörpum, lögskýringargögnum ásamt kenningum íslenskra fræðimanna. Höfundur notar dogmatíska aðferð við skrif ritgerðarinnar, en í henni felst að lýsa, túlka og flokka gildandi lagareglur á grundvelli lögfræðihugtaka, fræðikerfis lögfræðinnar, réttarheimilda og lögskýringa.<sup>1</sup> Notast er við vefsvæði Alþingis, gildandi lagaákvæði og frumvörp laga, dóma og úrskurði, bókasöfn og fleira við heimildaöflun.

### Rökstuðningur fyrir vali á verkefni

Viðfangsefni þetta var valið vegna áhuga höfundar á réttindum barna. Réttindi barna vilja oft gleymast er foreldrar deila um forsjá og umgengnisrétt. Á Íslandi geta foreldrar samið sín á milli um umgengni og síðan jafnvel fengið samninginn staðfestan af sýslumanni, sé það ekki andstætt hag og þörfum barnsins.<sup>2</sup> Sýslumaður úrskurðar um umgengni, takist foreldrum ekki að semja um hana. Úrskurð sýslumanns er síðan hægt að kæra til ráðuneytis.<sup>3</sup> Það má líka fara dómstólaleiðina sem úrskurðar þá eða dæmir um umgengni, forsjá eða lögheimili barns.<sup>4</sup>

Umgengnistálmun hefur aukist í umtali fólks með tímanum, samhliða breytingum á fjölskyldumynstri. Á íslenskum miðlum birtast greinar af og til frá foreldrum sem berjast fyrir rétti sínum á að fá umgengni við barn sitt. Einnig hafa birst greinar frá einstaklingum sem náð

---

<sup>1</sup> Skúli Magnússon (2003). *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar*, bls. 14.

<sup>2</sup> 4. og 5. mgr. 46. gr. barnalaga nr. 76/2003.

<sup>3</sup> 1. mgr. 78. gr. barnalaga nr. 76/2003.

<sup>4</sup> 81. gr. barnalaga nr. 76/2003.

hafa lögdri og hafa sjálfir lent í að annað foreldri þess hafi tálmað hitt foreldrið. Tálmun á umgengni er þegar annað foreldri hindrar að lögbundinn úrskurður um umgengni barns nái fram að ganga. Eins og áður sagði, komist foreldrar ekki að samkomulagi um umgengni barns, þá úrskurðar sýslumaður um umgengni og síðan er hægt að kæra úrskurð til ráðuneytis eða fara dómstólaleiðina.<sup>5</sup> Þetta getur tekið langan tíma í erfiðum og oft flóknum deilum, þar sem gæta þarf að hagsmunum allra málsaðila. Meðan foreldrar deila um umgengni og fara jafnvel alla þessa leið í kerfinu, virðist oft gleymast hvað raunverulega skiptir máli, þ.e. réttindi, velferð og hagsmunir barnsins.<sup>6</sup>

Markmið verkefnisins er að komast að því hvort þau lagalegu úrræði sem fyrir hendi eru í málaflokknum virki eður ei og hvort þörf sé á úrbótum – hvort hagsmunir barns séu í raun í forgangi í slíkum málum.

## Uppbygging verkefnis

Í upphafi er rannsóknarefni valið, upplýsingaöflun hefst í kjölfarið og rannsóknaráætlun ásamt verkáætlun mótuð út frá því. Greinargerð er svo unnin út frá rannsóknaráætlun og verkefnaáætlun.

## Annmarkar

Helstu annmarkar sem höfundur rakst á við gerð greinargerðar eru að ekki er hægt að nálgast eða komast í úrskurði sýslumanns í málefnum barna. Eina leiðin til þess að sjá, gróflega, hvað hefur farið fram hjá sýslumanni er að lesa dóma, þar sem í grófum dráttum er stundum vísað í fyrri málsatvik mála hjá sýslumanni.

Einu tölfræðilegu gögnin um mál sýslumanns í málefnum barna eru úr skýrslu innanríkisráðherra um áhrif sáttameðferðar í forsjármálum sem kom út árið 2016. Þar er talinn upp fjöldi mála í forsjár-, lögheimilis- og sáttameðferðarmálum, hversu mörgum málum er vísað í sáttameðferð, í hve mörgum var samið, hve mörg mál voru þar sem virk sáttameðferð fór ekki fram, fjöldi sáttarvottorða og ólokin mál. Þau gögn eru frá árunum 2011 til 2015,<sup>7</sup> sem gefur líklega ekki rétta mynd af stöðu mála nú á dögum.

---

<sup>5</sup> Alþt. 2002–2003. Þskj. 181, 180. mál, 128. löggjafarþing.

<sup>6</sup> 2. mgr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003.

<sup>7</sup> Innanríkisráðuneyti (2016). *Áhrif sáttameðferðar í forsjármálum sbr. 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003.*

## 2. Hugtök

Hér verða skýrð hugtökin *barn*, *foreldri*, *feðrun*, *forsjárforeldri*, *umgengnisréttur umgengni*, *forsjá*. Öll þessi hugtök er mikilvægt að skilja og greina á milli varðandi rétt barna til umgengni við foreldra sína.

### 2.1 Barn

Afstaða til þess hvenær barnæska hefst er ekki tekin í barnasáttmálanum heldur er samkvæmt honum ætlast til þess að aðildarríkin taki afstöðu til þess hvenær hún hefst í samræmi við menningu og siði hvers ríkis ásamt löggjöf. Því eiga flest ákvæði barnasáttmálans einungis við barn eftir fæðingu. Íslensk lög kveða ekki á um hvenær barnæskan hefst en almenna reglan í íslenskum rétti er að barnæskan hefjist við fæðingu barns.<sup>8</sup>

Í barnalögum nr. 76/2003<sup>9</sup> er hugtakið *barn* ekki skilgreint, með beinum orðum.<sup>10</sup> Í barnaverndarlögum nr. 80/2002<sup>11</sup> er hugtakið þó skilgreint þannig að það sé einstaklingur yngri en 18 ára.<sup>12</sup> Í lögum um umboðsmann barna er hugtakið einnig skilgreint þannig að það sé einstaklingur undir 18 ára aldri<sup>13</sup> eða að menn verði lögráða 18 ára sbr. 1. mgr., 1. gr. lögræðislaga nr. 71/1997.<sup>14</sup> Í frumvarpi lögræðislaga segir að allir einstaklingar undir 18 ára aldri séu skilgreindir sem börn sbr. skilgreiningu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, þar sem miðað er við 18 ára afmælisdag einstaklingsins.<sup>15</sup> Miðað við það sem á undan er rætt má segja að skilgreining barns á Íslandi sé frá fæðingardegi og að 18 ára afmælisdegi þess. Til er undantekning á þessu sbr. lögræðislög, þegar ólögráða einstaklingur stofnar til hjúskapar og telst hann þá frá þeim degi lögráða.<sup>16</sup> Hægt er einnig að svipta aðila lögræði tímabundið með dómi,<sup>17</sup> en ekki verður farið nánar í það í þessari greinargerð. Þegar rætt er um barn í þessari greinargerð, þá er átt við það tímasteið er byrjar þegar einstaklingur fæðist og þar til hann verður lögráða.

### 2.2 Foreldri

---

<sup>8</sup> Þórhildur Línadal (2007). *Barnasáttmálinn*, bls. 10.

<sup>9</sup> Hér eftir barnalög.

<sup>10</sup> Hrefna Friðriksdóttir (2013). *Handbók*, bls. 13.

<sup>11</sup> Hér eftir barnaverndarlög.

<sup>12</sup> 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

<sup>13</sup> 3. mgr. 1. gr. laga um umboðsmann barna nr. 83/1994.

<sup>14</sup> Hér eftir lögræðislög

<sup>15</sup> Alþt. 1996–1997. Þskj. 707, 410. mál, 121. löggjafarþing.

<sup>16</sup> 2. tölul., 1. gr. lögræðislaga nr. 71/1997.

<sup>17</sup> 4. gr. lögræðislaga nr. 71/1997.

Móðir barns er skilgreind sem sú kona er fæðir barnið í 2. gr. barnalaga og faðir barns er sá sem giftur er móður barns, sá aðili sem gengist hefur við faðernisviðurkenningu eða er í sambúð með móður barnsins. Teljast það þá foreldrar barns.<sup>18</sup> Kjörforeldri, stjúpforeldri, sambúðarforeldri og fósturforeldri geta einnig talist foreldrar barns. Kjörforeldri er sá sem ættleitt hefur barn. Stjúpforeldri er aðili í hjúskap með kynforeldri. Sambúðarforeldri er aðili í óvígðri sambúð með foreldri er hefur forsjá með barni sínu. Fósturforeldri er að lokum sá aðili sem hefur tekið barn í lögmætt fóstur.<sup>19</sup>

Foreldrum ber að annast barn sitt. Þeim ber að sýna því umhyggju, virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum í samræmi við það sem best hentar hag barns og þörfum þess. Foreldrar eiga einnig að afla barni lögmæltrar fræðslu, ala með því iðjusemi og siðgæði, í samræmi við hæfileika og áhugamál þess. Foreldrar eru skyldugir til þess að hafa samráð við barn sitt í málefnum þess áður en málefni er leitt til lykta, í samræmi við aldur og þroska barns. Afstaða barns til sinna eigin mála fær aukið vægi eftir því sem barn eldist. Barnið sjálft á rétt á forsjá foreldra sinna til 18 ára aldurs eða þar til það verður sjálfráða. Á móti eru foreldrar forsjárskyldir við barn sitt.<sup>20</sup>

## 2.3 Feðrun

Öll börn eiga rétt á að þekkja foreldra sína, þannig er móður skylt að feðra barn sitt, séu foreldrar barnsins ekki í sambúð.<sup>21</sup> Undantekningin á þessari reglu um feðrun er þegar barn er getið með tæknifrjóvgun einstæðrar móður, þá er móður ekki skylt að feðra barn sitt.<sup>22</sup>

Eiginmaður móður barns, sem annaðhvort er alið í hjúskap eða það skömmu eftir hjúskaparslit að möguleiki sé á að það sé getið í hjúskap, telst sjálfkrafa faðir þess, jafnvel þó barnið sé getið með tæknifrjóvgun. Þetta á einnig við sé maður í skráðri sambúð samkvæmt þjóðskrá með móður barns er það fæðist. Undantekning er þó á þessu þegar móðir barns giftir sig eða skráir sig í sambúð í þjóðskrá með öðrum manni, fyrir fæðingu barns.

Að öllu öðru leyti verður móðir að feðra barn sitt með faðernisviðurkenningu eða dómsúrlausn. Faðir getur gengist við faðerni barns með skriflegri yfirlýsingu í votta viðurvist eða með staðfestingu lögmanns, fyrir sýslumanni, og telst hann þá faðir barnsins. Ósjálfráða lýstur faðir þarf að hafa lögráðamann við yfirlýsingu faðernis.

---

<sup>18</sup> 4. gr. barnalaga nr. 76/2003.

<sup>19</sup> Davíð Þór Björgvinsson (1995). *Barnaréttur*, bls. 76–77.

<sup>20</sup> Barnalög nr. 76/2003.

<sup>21</sup> 1. gr. a. barnalaga nr. 76/2003.

<sup>22</sup> 6. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Ef móðir veit ekki hver faðir barns er, hún viðurkennir ekki þann föður sem að telur sig föður barns eða faðir gengst ekki við því að vera faðir barns, skal leysa úr faðerni með dómi. Sé sálrænum högum lýsts föður þannig hátt að hann geri sér ekki grein fyrir þýðingu faðernisviðurkenningar, skal leysa úr faðerni með dómi.<sup>23</sup> Má í samræmi við þetta benda á Héraðsdóm Reykjavíkur nr. E-4715/2005 þar sem móðir tveggja drengja krafðist þess að DNA-rannsókn færi fram á A sem hún lýsti föður drengja sinna, svo að hægt væri að skera úr um faðerni þeirra, en A hafnaði því að vera faðir drengjanna. A var gert að gangast undir DNA-rannsókn og var niðurstaðan sú að stefndi væri faðir barnanna á grundvelli niðurstaðna hennar. Feðrun hefur í för með sér að faðir og barn taka arf eftir hvort annað, faðir verður framfærsluskyldur og barn má bera nafn föður sem kenninafn. Faðir og barn eiga þá gagnkvæman umgengnisrétt og getur faðir farið með forsjá barnsins.<sup>24</sup> Umgengnisréttur er óháður forsjá barns, hvort heldur sem foreldri fari eitt með forsjá eða ekki.<sup>25</sup>

## 2.4 Umgengi

Börn eiga rétt á að umgangast báða foreldra sína sé það ekki andstætt hagsmunum þess og eiga foreldrar rétt og er skylt að rækja umgengni.<sup>26</sup> Í umgengni felst samvera og önnur samskipti barns við foreldri sem barn hefur ekki lögheimili hjá. Ákvæðið nýtur verndar 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944<sup>27</sup> og Mannréttindasáttmála Evrópu<sup>28</sup> um friðhelgi fjölskyldu. Þessar tvær greinar tryggja m.a. rétt fjölskyldna til sambúðar og að hjón og sambúðarfólk fái að fara með forsjá barna sinna án utanaðkomandi afskipta stjórnvalda.<sup>29</sup> Þannig ber það foreldri sem barn býr hjá að stuðla að því að grundvallarréttur barns til umgengni sé virtur.<sup>30</sup> Barnið sjálft á því einnig umgengnisrétt gagnvart því foreldri sem að það býr ekki hjá, algerlega óháð forsjá.<sup>31</sup>

Foreldrar geta samið sín á milli um umgengni með hagsmuni barnsins í fyrirrúmi án afskipta stjórnvalda. Komi upp ágreiningur um umgengni má leita til sýslumanns, sem úrskurðar þá um umgengnisréttinn. Sé annað eða báðir foreldrar ekki sáttir við úrskurð

---

<sup>23</sup> Barnalög nr. 76/2003.

<sup>24</sup> Island.is (e.d.-b). Feðrun barns.

<sup>25</sup> Hrefna Friðriksdóttir (2013). *Handbók*, bls. 15.

<sup>26</sup> 46. gr. barnalaga nr. 76/2003.

<sup>27</sup> Hér eftir stjkskr.

<sup>28</sup> 8. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.

<sup>29</sup> Björg Thorarensen (2008). *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 313.

<sup>30</sup> 28. gr. barnalaga nr. 76/2003.

<sup>31</sup> Hrefna Friðriksdóttir (2009). *Sifja- og erfðaréttur*, bls. 479.

sýslumanns, er hægt að skjóta úrskurðinum til dómsmálaráðuneytisins.<sup>32</sup> Einnig er hægt að kalla eftir ákvörðun um inntak umgengni, ef umgengnisdeila tengist forsjárdeilu sem ekki næst samkomulag um, hjá dómstólum.<sup>33</sup>

## 2.5 Forsjá

Forsjarréttur felur í sér rétt barns á forsjá foreldra/foreldris til 18 ára aldurs. Forsjá barns felur einnig í sér rétt og skyldur fyrir foreldra til að ráða persónulegum högum, ákveða búsetustað þess og fara með lögformlegt fyrirvar barns.<sup>34</sup> Forsjáin sjálf felur í sér skyldu til að annast barnið, ala það upp, vernda barn sitt gegn hvers konar ofbeldi og vanvirðandi háttsemi. Viðurlög við brotum á forsjárskyldum foreldra eru einkum að finna í barnaverndarlögum, þar sem einnig eru úrræði til stuðnings og verndar barns þegar aðbúnaði þess er áfátt.<sup>35</sup>

Eins og áður segir í kaflanum um feðrun, þá eru báðir foreldrar sjálfkrafa með forsjá barns þegar það fæðist, ef foreldrar eru í hjúskap eða skráðir í sambúð á þeim tíma er barnið fæðist. Við skilnað og samvistaslit er meginregla að báðir foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns, nema samið sé um annað.<sup>36</sup> Sé móðir barns ekki í sambúð eða hjúskap þegar barn hennar fæðist, fer hún þá sjálfkrafa ein með forsjá þess.<sup>37</sup> Móðirin fer þá ein með forsjá barns sem hún fæðir, þar til að samið er um annað, sé það á annað borð gert.<sup>38</sup>

Þá þarf móðirin að lýsa föður barns líkt og áður hefur verið nefnt, sem gefur barni og hinu foreldrinu rétt til umgengni þó svo forsjá haldist áfram hjá móður.

## 2.6 Samantekt

Í íslenskum rétti er gengið út frá því að hugtakið *barn* eigi við frá fæðingu til 18 ára aldurs. Foreldri barns er þá sá einstaklingur sem elur barnið og maki þess einstaklings, sé hann til, annars sá aðili/aðilar sem er/u lýst/ir foreldri/ar. Barn og foreldri eiga gagnkvæman rétt á umgengni óháð forsjá barns. Forsjárforeldri ber skylda til að vernda barn sitt, ráða persónulegum högum þess, búsetu þess og fara með lögformlegt fyrirvar barns. Nú þegar flest

---

<sup>32</sup> 78. gr. barnalaga nr. 76/2003. Nánar verður farið í störf sýslumanns og málsmeðferð varðandi tálmun í 5. kafla.

<sup>33</sup> VI. kafli barnalaga nr. 76/2003. Nánar verður farið í dómstólaleiðina í 6. kafla um dómaframkvæmd.

<sup>34</sup> 28. gr. barnalaga nr. 76/2003.

<sup>35</sup> Alþt. 2002–2003. Þskj. 181, 180. mál, 128. löggjafarþing.

<sup>36</sup> 31. gr. barnalaga nr. 76/2003.

<sup>37</sup> 29. gr. barnalaga nr. 76/2003.

<sup>38</sup> Hrefna Friðriksdóttir (2009). Sifja- og erfðaréttur, bls. 473–475.

hugtök er skipta máli hafa verið skýrð er nauðsynlegt að fara yfir lagaumhverfi sem varðar efni greinargerðar.



### 3. Lagalegt umhverfi

Þegar helstu hugtök hafa verið skýrð sem skipta máli varðandi efni greinargerðarinnar, þá þarf að skoða og afmarka lagalegt umhverfi barnaréttar. Þjóðaréttur verður nú skoðaður og hvernig hann hefur áhrif á barnarétt og samspil hans við ríkisrétt eða landsrétt, einnig þeir embættismenn sem fara með mál er varða umgengnistálmun og þar á eftir barnaréttur sem tengist svo aftur ríkisrétti/landsrétti og þjóðarétti. Eitt mikilvægt hugtak á þó eftir að skýra, þ.e. umgengnistálmun en rætt verður um það sérstaklega í 4. kafla.

#### 3.1 Þjóðaréttur og samspil við landsrétt

Þjóðaréttur er sjálfstætt réttarkerfi samkvæmt tvíeðliskenningunni. Á Íslandi er sagt að kenningin um tvíeðli þjóðaréttar og landsréttar sé við lýði. Þessi kenning felur í sér að einstaklingar geta ekki byggt rétt sinn á þjóðréttarsamningum fyrir en reglur þeirra hafa verið festar í landslög. Þó er viðurkennd sú regla að lög skuli skýra í samræmi við ákvæði þjóðréttarsamninga, verði því komið við. Ákvæði landsréttar gilda ef ákvæði þjóðaréttar eru andstæð ákvæðum landsréttar. Í því gæti þó falist brot ríkisins á þjóðaréttarlegum skuldbindingum, sem í kjölfarið getur haft vissar afleiðingar í samskiptum ríkisins við önnur ríki. Það breytir þó ekki lagaumhverfi innanlands.

Taka þarf reglur þjóðaréttar upp í landsrétti með því að festa reglurnar í íslensk lög eða breyta fyrri lögum eða lagaákvæðum í samræmi við samninginn. Í raun gerir utanríkisráðherra eða aðrir ráðherrar samninga milli ríkja, þó svo að 21. gr. stjkskr., segi forseta Íslands gera þá. Feli samningar í sér afsal eða kvaðir á Ísland er samþykki Alþingis nauðsynlegt. Þjóðréttarsamningur er fullgiltur eftir að samningur hefur verið gerður, Alþingi hefur samþykkt hann og hann svo birtur í C-deild Stjórnartíðinda. Íslenska ríkið er þá að þjóðarétti skuldbundið til þess að efna samninginn.

Þjóðaréttur fjallar um samskipti ríkja á grundvelli milliríkjasamninga og alþjóðlegra reglna. Þjóðaréttur hefur þróast mikið að undanförunum árum og blandast í ríkari mæli við ríkisréttinn/landsréttinn. Þetta á m.a. við um Evrópurétt eða þann hluta hans sem varðar Ísland á grundvelli EES-samningsins.<sup>39</sup>

Einn þessara samninga er Mannréttindasáttmáli Evrópu frá 1950, sem var lögfestur á Íslandi árið 1994 í heild sinni sem almenn lög. Þeirri lögfestingu fylgdi viss óvissa varðandi réttarheimildarlega stöðu ákvæða og afstöðu gagnvart stjórnarskrá. Mannréttindaákvæði stjkskr. voru því endurskoðuð árið 1995. Það var gert til þess að endurskoða fyrri ákvæði hennar með

<sup>39</sup> Ingibjörg Þorsteinsdóttir (2011). *Lögfræði*, bls. 42–51.

tilliti til skuldbindinga sem Ísland hafði gengist undir með því að gerast aðili að alþjóðlegum sáttmálum til verndar mannréttindum og til að efla, samhæfa og samræma mannréttindaákvæðin svo þau gegndu hlutverki sínu sem vörn almennings í samskiptum við ríkið. Það var sérstakt markmið með breytingu stjórnarskrár að setja inn í hana þau réttindi sem voru vernduð í sáttmálanum.<sup>40</sup> Á meðal þessara réttinda voru skylda ríkis til að veita börnum sérstaka lagavernd og bætt við friðhelgi heimilis og fjölskyldu, við friðhelgi einkalífs.<sup>41</sup>

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins eða Barnasáttmálinn er einnig einn þessara samninga. Hann var undirritaður af íslenskum stjórnvöldum árið 1990, fullgiltur 1992 og lögfestur 2013 með lögum nr. 19/2013. Sjaldan var vitnað í hann fyrir lögfestingu á Íslandi, þó svo að ríkið væri skuldbundið til þess að uppfylla ákvæði sáttmálans árið 1992. Þó voru dæmi um að dómur og úrlausnir mála hjá stjórnvöldum væru í andstöðu við ákvæði hans. Því var lögfesting barnasáttmálans mikilvæg til að tryggja beitingu hans. Barnasáttmálinn kveður á um vernd grundvallarmannréttinda barna og að börn séu fullgildir einstaklingar með sjálfstæð réttindi óháð réttindum fullorðinna. Í sáttmálanum er tryggt að ráðstafanir yfirvalda varðandi börn skuli byggðar á því sem er börnum fyrir bestu, að lög og reglur tryggi börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og að stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón. Þannig er börnum tryggður réttur til að láta skoðanir sínar í ljós í málum er þau varða, til að tjá sig, að tekið sé tillit til þeirra skoðana í samræmi við aldur þeirra og þroska, og til þess að hafa áhrif í sínum eigin málum fyrir dómi eða stjórnvaldi.<sup>42</sup>

Vanalega er litið á þjóðarétt sem sjálfstætt réttarkerfi hliðsett ríkisrétti.<sup>43</sup> Ísland hefur þannig lögfest bæði Barnasáttmálann og Mannréttindasáttmála Evrópu inn í ríkisrétt/landsrétt þ. á m. með því að breyta ákvæðum um mannréttindi í stjkskr. til samræmis við þá.

### 3.2 Ríkisréttur/landsréttur

Stjórnarskráin er æðstu lög Íslands. Hún skiptist í sjö kafla, m.a. kafla um mannréttindi. Ríkisréttur/landsréttur er réttur hvernar þjóðar, líkt og íslenskur réttur. Á Íslandi má flokka þennan rétt í opinberan rétt og einkarétt. Ýmsar lagagreinar geta borið einkenni bæði einkaréttar og opinbers réttar og eru mörkin á milli því ekki alltaf skýr.

<sup>40</sup> Björg Thorarensen (2008). *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*, bls. 32–34.

<sup>41</sup> 71. gr. og 3. mgr. 76. gr. stjkskr.

<sup>42</sup> Alþt. 2012–2013. Þskj. 155, 155. mál, 141. löggjafarþing.

<sup>43</sup> Ingibjörg Þorsteinsdóttir (2011). *Lögfræði*, bls. 14.

Opinber réttur fjallar um skipulag ríkis, innbyrðis samskipti ríkisstofnana og samskipti borgaranna við stjórnvöld. Opinberum rétti er skipt í stjórnskipunarrétt, stjórnsýslurétt, refsirétt og réttarfar. Hlutverk opinbers réttar er að afmarka hlutverk ríkisvalds og vernda borgarana gagnvart ónauðsynlegum, handahófskenndum afskiptum ríkisvalds. Viss grunnsjónarmið ganga í gegnum aðrar fræðigreinar opinbers réttar sem hafa áhrif á túlkun laganna.<sup>44</sup> Hér má nefna sem dæmi málsmeðferðarreglur stjórnsýslunnar, s.s. lögmætisregluna, málshraðaregluna, rannsóknarregluna, andmælaregluna, meðalhófsregluna og jafnræðisregluna.<sup>45</sup> Sýslumenn fara með framkvæmdarvald og stjórnsýslu í héraði, dómsmálaráðuneytið fer svo með eftirlit varðandi störf sýslumanna.<sup>46</sup> Sýslumenn eru embættismenn<sup>47</sup> og ber að fara eftir stjórnsýslulögum varðandi rétt og skyldur manna.<sup>48</sup> Það eru þó til sérlög sem geyma reglur um málsmeðferð á afmörkuðum sviðum, t.d. barnaverndarlög nr. 80/2002. Þau sérlög sem kveða á um meiri rétt fyrir borgarana en stjórnsýslulögin kveða á um, ganga frammar en stjórnsýslulögin, en þau sérlög sem kveða á um minni rétt fyrir borgarana en stjórnsýslulögn gera, ber að skýra í samræmi við stjórnsýslulög og reglugerð um stjórnsýslumeðferð mála samkvæmt barnalögum nr. 231/1992.<sup>49</sup> Sýslumenn fara með sífjamál sem er undirgrein einkaréttar og fjallar um stofnun hjúskapar, lögvarin fjölskyldusambönd, staðfestingu samvistar, réttarstöðu hjóna, foreldra og barna.<sup>50</sup> Nánar verður fjallað um þessar reglur og hlutverk sýslumanns varðandi umgengnistálmanir í 5. kafla um sýslumann og umgengni/forsjá og forsjá barna.

Einkaréttur fjallar m.a. um samskipti fólks líkt og reglur er lúta að samningagerð, hjónabandi og fleiru.<sup>51</sup> Einkaréttur skiptist svo í margar undirgreinar, til að mynda persónurétt, sífjarétt og fleiri réttarreglur á sviði einkaréttar sem eru reistar á hugmyndinni um frelsi einstaklings, sjálfsákvörðunarrétt og heimildar til þess að haga sínum samskiptum að eigin geðþóttu.<sup>52</sup>

Persónuréttur er undirgrein einkaréttar og fjallar um persónuleg réttindi og skyldur nátengdar andlegu, líkamlegu lífi manna, rétt til líkama, lífs, frelsis, æru o.fl. Meginreglur persónuréttar eru í lögræðislögum, s.s. persónuvernd.<sup>53</sup>

<sup>44</sup> Ingibjörg Þorsteinsdóttir (2011). *Lögfræði*, bls. 14–15.

<sup>45</sup> Páll Hreinsson (2013). *Stjórnsýsluréttur – Málsmeðferð*, bls. 28, 445, 469, 569.

<sup>46</sup> Stjórnarráð Íslands (e.d.-b). Sýslumenn.

<sup>47</sup> 7. l., 1. mgr. 22. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

<sup>48</sup> 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

<sup>49</sup> Páll Hreinsson (2013). *Stjórnsýsluréttur – Málsmeðferð*, bls. 39–45.

<sup>50</sup> Páll Sigurðsson (2008). *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 328.

<sup>51</sup> Ingibjörg Þorsteinsdóttir (2011). *Lögfræði*, bls. 14.

<sup>52</sup> Ingibjörg Þorsteinsdóttir (2011). *Lögfræði*, bls. 17.

<sup>53</sup> Stjórnarráð Íslands (e.d.-a). Persónuréttur.

Um einkamálaréttinn er varðar forsjá barna og umgengnistálmun verður fjallað um í 6. kafla.

Nú er ljóst að sýslumaður fer með sífjamál þ.e. mál um lögvarin fjölskyldusambönd sem fellur undir einkarétt. Sýslumaður þarf þó að gæta þess að fara eftir stjórnarsýslureglum er varðar störf sín. Við rekstur sífjamála þarf sýslumaður að gæta að stjórnarsýslureglum og sérlögum við störf sín, þ.e. reglum opinbers réttar, en málin sjálf falla undir einkarétt.

Þá þarf að skoða rétt barna í þeirra eigin málum gagnvart foreldrum sínum og yfirvöldum.

### 3.3 Barnaréttur

Barnaréttur fjallar um réttarstöðu barna.<sup>54</sup> Barnaréttur er hluti sífjaréttar í fræðakerfi lögfræðinnar og er sú grein sem fjallar um réttarreglur er varða tengsl foreldra og barna. Sífjarétti er síðan skipt upp í hjúskaparrétt og barnarétt, og einnig er þar fjallað um réttarreglur í óvígðri sambúð. Barnaréttur fellur undir fjölskyldurétt sem telst til einkaréttar. Ýmis verkefni barnaréttar skarast þó einnig á við aðrar greinar innan fræðakerfis lögfræðinnar, svo sem persónurétt og stjórnarsýslurétt. Réttarheimildir barnaréttar eru, líkt og í annarri lögfræði, sett lög, réttarvenjur, fordæmi, lögjöfnun, eðli máls og meginreglur laga, þjóðréttarsamningar og úrlausnir umboðsmanns Alþingis. Sett lög og stjórnarsýslufyrirmæli skipta mestu er varðar barnarétt. Má þar nefna barnalög, barnaverndarlög, ættleiðingarlög, hjúskaparlög, lögræðislög, lög um umboðsmann barna, reglugerð um stjórnarsýslumeðferð mála samkvæmt barnalögum nr. 231/1992 ásamt fleiri reglugerðum, þjóðréttarsamninga líkt og lög um mannréttindasáttmála Evrópu, lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, ákvæði í ýmsum öðrum lagabálkum er lúta fyrst og fremst að börnum en verða ekki talin upp hér og Norðurlandasamninga.<sup>55</sup> Við setningu laga er varðar sífjarétt hefur Ísland gjarnan litið til hinna Norðurlandanna.<sup>56</sup>

Í barnalögum nr. 76/2003 er kveðið á um réttindi barns, þ.e. réttinn til þess að njóta verndar, þroskast, lífa og önnur réttindi í samræmi við þroska og aldur þess, án mismununar. Barnaréttur fjallar um rétt barns, að tekið sé tillit til skoðana þess í málum þess sjálfs, að barnið fái að láta skoðanir sínar í ljós í samræmi við aldur og þroska. Einnig fjallar hann um rétt barns til að þekkja foreldra sína, feðrunarreglur, ákvörðun um faðerni barns, faðernisviðurkenningar, skráningu barns í þjóðskrá, dómssmál til feðrunar, dómssmál til véfengingar á faðerni barns eða ógildingar faðernisviðurkenningar, greiðslur er standa í tengslum við barnsburð og meðgöngu,

<sup>54</sup> Páll Sigurðsson (2008). *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 50.

<sup>55</sup> Davíð Þór Björgvinsson (1995). *Barnaréttur*, bls. 17–24.

<sup>56</sup> Dögg Pálsdóttir (2010). *Umgengni og umgengnistálmanir*, bls. 94.

foreldraskyldur og forsjá barns, dómsmál vegna ágreinings um forsjá eða lögheimili barns, framkvæmd ákvörðunar um forsjá eða lögheimili, umgengnisrétt barns við aðila, framfærslu barns, greiðslu meðlags og framfærslueyris ásamt innheimtuúrræðum og svo meðferð og úrlausn stjórnvalda á málum samkvæmt lögnum.

Grundvallarreglur barnasáttmálans eru jafnræðisreglan, þ.e. að engu barni skuli mismunað, að hafa skuli hagsmuni barns ávallt í forgangi í þeirra eigin málum, rétturinn til lífs, afkomu og þroska og svo að lokum að virða skoðanir barna í þeirra eigin málum.<sup>57</sup>

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 er fjallað um vernd barna en markmiðið er að tryggja að börn er búa við óviðunandi aðstæður og börn er stofna heilsu sinni í hættu, fái nauðsynlega aðstoð.<sup>58</sup> Þau fjalla um stjórn barnaverndarmála, hlutverk barnaverndaryfirvalda, stofnanir fyrir börn og ungmenni, og málsmeðferð. Barnaverndaryfirvöld fara því með eftirlitshlutverk, varnaðarhlutverk og beitingu þvingunarúrræða.<sup>59</sup> Þegar rætt er um barnaverndaryfirvöld þá er átt við félags- og barnamálaráðherra eða félagsmálaráðuneytið, Barnaverndarstofu, úrskurðarnefnd velferðarmála og barnaverndarnefndir.<sup>60</sup> Barnavernd styður við börn og fjölskyldur á grundvelli barnaverndarlaga.<sup>61</sup> Embætti umboðsmanns barna stendur svo vörð um hagsmuni og réttindi barna til þess að bæta hag þeirra í samfélaginu.<sup>62</sup>

Lögræðislögin fjalla um sjálfræði, fjárræði, lögræði og sviptingu lögræðis, nauðungarvistun og hlutverk lögráðamanna.

Lög um umboðsmann barna fjalla um að standa vörð um hagsmuni og réttindi barna og er umboðsmanni ætlað að vera talsmaður barna óháður opinberum aðilum eða einkaaðilum, en hefur ekki úrskurðarvald í einstökum málum barna.

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu fjallar um grundvallarmannréttindi þ. á m. barna.<sup>63</sup>

Um Norðurlandasamninga verður sérstaklega fjallað um í 8. kafla, þ.e. lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi alþjóðleg einkamálaréttarákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um hjúskap, ættleiðingu og lögráð og lög nr. 93/1962 um lagagildi samningsins milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga.<sup>64</sup>

<sup>57</sup> Þórhildur Línadal (2007). *Barnasáttmálinn*, bls. 8.

<sup>58</sup> Alþt. 2001–2002. Þskj. 403, 318. mál, 127. löggjafarþing.

<sup>59</sup> Davíð Þór Björgvinsson (1995). *Barnaréttur*, bls. 20–21.

<sup>60</sup> 2. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

<sup>61</sup> Reykjavík.is (e.d.). Stuðningur við börn og fjölskyldur.

<sup>62</sup> Alþt. 1993–1994. Þskj. 573, 377. mál, 117. löggjafarþing.

<sup>63</sup> Davíð Þór Björgvinsson (1995). *Barnaréttur*, bls. 22.

<sup>64</sup> Davíð Þór Björgvinsson (1995). *Barnaréttur*, bls. 25.

Um önnur þau lög sem skipta máli í þessari greinargerð er varðar barnarétt, hefur stuttlega verið rætt um framfarir í greinargerðinni.

Þegar barnalög, lögræðislög, barnaverndarlög, barnasáttmálinn og fleiri lög er varða börn, eru skoðuð má sjá að forsjá er þrjúþætt. Það er í fyrsta lagi réttur foreldra til þess að fara með forsjá barns, í öðru lagi forsjárskyldur sem er skylda foreldra til þess að tryggja persónulega hagi þeirra barna er þau hafa forsjá yfir og í þriðja lagi réttur barns á forsjá foreldra sinna þar til það verður sjálfráða.<sup>65</sup>

Í 5. gr. laga um breytingu á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994 segir:

Hjón skulu njóta jafnréttis að því er varðar réttindi og skyldur að einkamálarétti sín í milli og í tengslum sínum við börn sín, við giftingu, í hjónabandi og ef til hjónaskilnaðar kemur. Þessi grein skal ekki vera því til fyrirstöðu að ríki geri ráðstafanir sem nauðsynlegar eru vegna hagsmuna barnanna.

Í þessari grein mannréttindasáttmálans er sérstaklega tekið fram að hjón skuli njóta jafnréttis í einkamálum í tengslum við börn sín, en þó eigi greinin ekki að koma í veg fyrir að ríki geri nauðsynlegar ráðstafanir vegna hagsmuna barna.

### 3.4 Samantekt

Um réttindi barna á Íslandi ber að fara eftir barnalögum, barnaverndarlögum, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, mannréttindasáttmála Evrópu, mannréttindakafla stj.skr., stjórnarsýslulögum og sérlögum varðandi málsmeðferð stjórnvalda á málum barna. Öll þessi lög kveða á um réttindi barna, vernd þeirra og mannréttindi, með sérstaka áherslu á að hagsmunir barna séu alltaf í fyrirrúmi, þrátt fyrir réttindi og skyldur foreldra eða ríkis.

Ríkisréttur/landsréttur hefur reynt að tryggja þessum einstaklingum grundvallarmannréttindi m.a. með því að skrifa undir og samþykkja þjóðréttarsamninga og lögfesta í íslensk lög. Nú þegar lagaumhverfi barnaréttar hefur verið afmarkað og flest hugtök skýrð er komið að því að skoða hvað umgengnistálmun er.

---

<sup>65</sup> Davíð Þór Björgvinsson (1995). *Barnaréttur*, bls. 171–174.

## 4. Umgengnistálmun

Í þessum kafla verður umgengnistálmun skilgreind, minnst á lagaleg úrræði sem hægt er að nýta til þess að reyna að koma í veg fyrir umgengnistálmanir og hugmyndir sem hafa verið lagðar fram til þess að betrubæta úrræðin í lögum. Einnig verður rýnt í greinargerðir með lögum og skoðaðar rannsóknargreinar og niðurstöður þeirra, er varða málaflokkinn. Hugtakið foreldrafirring/foreldraofbeldi verður loks skilgreint.

### 4.1 Umgengnistálmun skilgreind

Eins og áður segir er móður skylt að feðra barn sitt innan viss tíma frá fæðingu þess. Feðrun hefur í för með sér gagnkvæman, lögbundinn umgengnisrétt barns og þess foreldris sem barn býr ekki hjá, óháð forsjá. Almenna reglan um forsjá er hins vegar að við skilnað eða sambúðarslit sé sameiginleg forsjá nema um annað sé samið.<sup>66</sup>

Þegar um ágreining er að ræða varðandi forsjá og/eða umgengni er einstaklingum skylt að reyna sáttameðferð samkvæmt 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003. Í áfrýjuðum dómi héraðsdóms fyrir Landsrétti í máli nr. 174/2020 var forsjármáli einmitt vísað frá, þar sem ekki var talið að í sáttameðferð aðila hefði verið fjallað um ágreining varðandi forsjá barnanna sbr. sáttarvottorð. Þar segir dómurinn að það sé ófrávíkjanleg skylda foreldra að undirgangast sáttameðferð áður en mál sé höfðað.<sup>67</sup> Hins vegar í Hæstaréttardómi nr. 290/2009 er minnst á að við meðferð máls hjá sýslumanni hefði verið reynt að leita sátta með aðstoð sálfræðings, tvisvar sinnum, án árangurs. Í þessu máli var talið að sáttameðferð væri fullreynd og var því sýslumanni heimilt að úrskurða um umgengni og síðar dómstólar eftir að slíkt mál hafði verið höfðað.<sup>68</sup> Einnig er minnst á undanfarna árangurslausa sáttameðferð í dómi Hæstaréttar nr. 492/2015 er varðaði forsjá og umgengni.<sup>69</sup> Nánar verður rætt um sáttameðferð í kafla 5.

Úrræði vegna umgengnistálmunar eftir að sáttameðferð hefur verið fullreynd, og í kjölfarið staðfesting sýslumanns á samningi um umgengni eða ef ekki nást sættir, er að þá getur sýslumaður úrskurðað um umgengni. Sé það ekki nóg til að koma á umgengni, er hægt að beita þvingunarúrræðum, þ.e. þá fyrst dagsektum og fjárnámi vegna vangoldinna dagsekta. Gangi það ekki heldur er hægt að krefjast aðfarar. Einnig er hægt að fara dómstólaleiðina.<sup>70</sup> Nánar verður farið í hvert úrræði fyrir sig í undirköflum 5. og 6. kafla.

---

<sup>66</sup> Fjallað um í 2. kafla.

<sup>67</sup> Dómur Landsréttar nr. 174/2020.

<sup>68</sup> Hæstaréttardómur nr. 290/2009.

<sup>69</sup> Hæstaréttardómur nr. 492/2015.

<sup>70</sup> 48.–50. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Þegar lögheimilisforeldri hindrar að þessi lögbundni umgengnisréttur, samningur um umgengi sem staðfestur er af sýslumanni eða úrskurður, nái fram að ganga, þá er talað um tálmun, umgengnistálmun.<sup>71</sup> Í þessu samhengi má aftur benda á dóm Hæstaréttar nr. 290/2009 þar sem móðir tálmaði umgengni föður við barn sitt ítrekað þrátt fyrir úrskurð sýslumanns og staðfestingu dóms- og kirkjumálaráðuneytis á úrskurðum sýslumanns, Héraðsdóms og Hæstaréttar.

Í frumvarpi til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum, má finna víðtæka skilgreiningu á „tálmun“, þ.e. atferli foreldris sem fólgið er í því að koma í veg fyrir umgengi við annað foreldri með ýmsum hætti. Má þar nefna háttsemi líkt og að halda barni í læstri íbúð þegar á að sækja það, fara brott af heimili eða þeim stað sem umgengni á að hefjast, mæta ekki á þann stað sem á að afhenda barn eða á einhvern hátt koma í veg fyrir að úrskurður varðandi umgengni sé framkvæmdur. Flestar umsagnir vegna frumvarpsins bera það með sér að það sé ekki hagur barns að fangelsa foreldri. Frumvarpið hefur ekki verið samþykkt.<sup>72</sup>

## 4.2 Réttur barns er varðar umgengnistálmun

Líkt og segir í 1. og 1. gr. a. barnalaga nr. 76/2003 á barn rétt á að lifa, þroskast og njóta verndar, umönnunar og annarra réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska, án mismununar af nokkru tagi. Það á rétt á að láta skoðanir sínar í ljós í öllum málum sem það varðar og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska. Í málefnum þar sem teknar eru ákvarðanir um börn skal ávallt hafa forgang hvað barninu er fyrir bestu. Barn á ávallt rétt á að þekkja báða foreldra sína.

Eins og áður hefur verið nefnt, hefur feðrun í för með sér gagnkvæman, lögbundinn umgengnisrétt barns og þess foreldris sem barn býr ekki hjá, óháð forsjá. Meginreglan varðandi umgengni í barnarétti er að það sé barni í hag að umgangast báða foreldra sína og að umgengni þjóni hagsmunum barnsins.<sup>73</sup> Þrátt fyrir þessar meginreglur getur komið upp að umgengni þjóni alls ekki hagsmunum barns. Þegar slíkt gerist eiga hagsmunir barns ávallt að ganga framur en hagsmunir foreldris samkvæmt 2. mgr. 1. gr. barnalaga nr. 76/2003 og 3. gr. laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013. Um hagsmuni barns er t.d. fjallað sérstaklega um í hæstaréttardómi nr. 608/2011 þar sem það þótti ekki þjóna hagsmunum

<sup>71</sup> Alþt. 2002–2003. Þskj. 181, 180. mál, 128. löggjafarþing.

<sup>72</sup> Alþt. 2020–2021. Þskj. 104, 103. mál, 151. löggjafarþing.

<sup>73</sup> Alþt. 2011–2012. Þskj. 328, 290. mál,



barns að vera tekið úr umsjá fósturforeldra, með aðfarargerð, og sent til Filippseyja til réttra forsjáraðila.

Í 43. gr. barnalaga nr. 76/2003 segir að þau börn sem náð hafa nægilegum þroska til þess að geta tjáð sig um sín eigin mál án þess að það geti haft skaðleg áhrif á barnið eða sé þýðingarlaust fyrir málið, eigi rétt á að fá að gera það. Þá felur dómari sérfróðum manni eða sérfræðingi að kynna sér og gefa skýrslu um viðhorf barnsins. Þetta kemur skýrt fram í niðurstöðu Landsréttardóms nr. 430/2021 þar sem faðir óskar eftir, í annað sinn, bráðabirgðaúrskurði um að lögheimili sonar hans verði hjá honum þar til leyst verði úr forsjárdeilu aðila. Telur hann drenginn hafa lýst því yfir með ótvíræðum og einlægum hætti og eindregnum vilja til að hafa fasta búsetu hjá sér, sem hafi komið fram í matsgerð dómkvadds sérfræðings. Vísar dómurinn í 3. mgr. 1. gr., 42. gr. og 43. gr. barnalaga og 12. gr. barnasáttmálans og segir:

Framangreind ákvæði barnalaga og barnasáttmálans væru lítils virði ef dómstólar litu án haldbærs rökstuðnings framhjá ótvíræðum óskum og vilja barns sem náð hefur þeim aldri og þroska að hlýða beri á og taka réttmætt tillit til skoðana þess.

Dómurinn taldi ekkert hafa komið fram í málinu sem benti til þess að afstaða drengsins til eigin búsetu hefði mótast af forsjárdeilu foreldra hans eða að skoðun hans á málinu fæli í sér neikvæða afstöðu til móður eða óeðlileg áhrif frá föður.

Í frumvarpi til laga á breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002, var í mars 2017 gerð tillaga um að tálmun eða takmörkun á umgengni yrði gerð refsiverð, þ.e. að slíkt gæti varðað fangelsi allt að fimm árum.<sup>74</sup> Málið var síðan endurflutt í september 2018<sup>75</sup> og í október 2020.<sup>76</sup> Mannréttindaskrifstofa Íslands sendi frá sér athugasemd um að slík ráðstöfun girti fyrir umgengni barns við það foreldri sem væri fangelsað og því andstætt barnalögum, samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og meðalhöfsreglu. Það gæti því ekki þjónað hagsmunum barns að slík refsing yrði lögfest.<sup>77</sup> Barnavernd Reykjavíkur sendi einnig inn umsögn þar sem dregið var í efa að það þjónaði hagsmunum barns að slík fangelsisvist væri

<sup>74</sup> Alpt. 2016–2017. Þskj. 559, 426, mál, 146. löggjafarþing.

<sup>75</sup> Alpt. 2019–2020. Þskj. 123, 123. mál, 150. löggjafarþing.

<sup>76</sup> Alpt. 2020–2021. Þskj. 104, 103. mál, 151. löggjafarþing.

<sup>77</sup> Mannréttindaskrifstofa Íslands (2019, 29. maí). *Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)*, þskj. 126, 126. mál.

samþykkt í lögum.<sup>78</sup> Barnaverndarstofa mælti ekki með að frumvarpið yrði samþykkt en taldi að vinna þyrfti frumvarp í þeim tilgangi að stytta málsmeðferð í slíkum málum.<sup>79</sup>

Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar mælti ekki með slíkum breytingum á lögum þar sem það þjónaði ekki hagsmunum barns.<sup>80</sup> Jafnréttisstofa studdi ekki við óbreytt frumvarp þar sem það þjónaði ekki hagsmunum barns, en taldi mikilvægt að skilgreina nákvæmlega hvað felst í tálmun.<sup>81</sup> Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gerði einnig athugasemdir við frumvarpið, að það þjónaði ekki hagsmunum barns, að fyrir væru úrræði vegna tálmana og réttarvernd barna sem gætu verið brotaþolar við sakamálarannsókn, að breytingarnar stytta ekki endilega málsmeðferð og að fyrri úrræði hefðu gefist vel samkvæmt umsögn sýslumanna.<sup>82</sup> Félag um foreldrajafrétti lýsti fullum stuðningi við frumvarpið og vísaði í að foreldraútilokun sé ofbeldi gagnvart barni.<sup>83</sup> Um slíka foreldraútilokun skrifaði Gunnar Hrafn Birgisson sálfræðingur grein þar sem hann kryfur kenninguna um foreldraútilokun.<sup>84</sup>

### 4.3 Foreldraofbeldi eða foreldrafirring

Gunnar Hrafn Birgisson hefur mikla reynslu af sálfræðilegum athugunum í forsjár- og umgengnisdeilum. Telur hann hugtakið lögfræðilegt. Hann gerði ítarlega greinargerð um hugtakið foreldrafirringu í þeim tilgangi að útskýra kenninguna og varpa ljósi á stöðu hennar í heimi vísinda, réttvísi og stjórnkerfis og svo áhrifum hennar í forsjár- og umgengnisdeilum. Hann skýrir hugtakið samkvæmt orðum höfundar kenningarinnar um foreldrafirringu, sem vill meina að foreldrafirring í forsjár- og umgengnisdeilum snúist um að foreldri sviptir hitt foreldrið barninu eða fjarlægji það frá því og gerandinn sé oftast móðir barnsins. Móðirin innræti barninu ranghugmyndir og vitfirra andúð á föður. Slíkt geti svo leitt til þess að barnið ásaki saklausan föður um ofbeldi. Þannig sé þá móðirin að beita barn/börn sín ofbeldi og brjóta á réttindum barna og fedra.

---

<sup>78</sup> Barnavernd Reykjavíkur (2019, 3. júní). *Umsögn Barnaverndar Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)*, Alþt. 2018–2019. Þingskjal 126 – 126. mál.

<sup>79</sup> Barnaverndarstofa (2019, 4. júní). *Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)*, 126. mál.

<sup>80</sup> Mosfellsbær (2019, 13. júní). *Frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)*, 126. mál.

<sup>81</sup> Jafnréttisstofa (2019, 4. júní). *Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)*, þskj. 126, 126. mál.

<sup>82</sup> Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu (2019, 12. júní). *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)*, 126. mál á 149. löggjafarþingi 2018–2019.

<sup>83</sup> Félag um foreldraréttlæti (2017, 29. maí). *Umsögn: Barnaverndarlög (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)*.

<sup>84</sup> Gunnar Hrafn Birgisson (2009). Foreldra firringar heilkenni (PAS) í forsjár- og umgengnisdeilum, bls. 165–193.

Niðurstöður Gunnars á rannsókn þessa hugtaks eru að það sé áhyggjuefni að kenningar um foreldrafirringu hafi orðið meira áberandi í vinnslu forsjár- og umgengnisdeilna á Íslandi m.a. vegna alvarlegra afleiðinga kenningarinnar á börn í Bandaríkjunum. Í Bandaríkjunum sé verið að hafna henni vegna afleiðinganna. Kenningin valdi langvarandi tilfinningalegum skaða hjá mörgum börnum og mæðrum, hundruð barna hafa verið send til feðra sem misnotuðu þau og tálmuðu umgengni þeirra við mæðurnar. Vitað er um afleiðingar á borð við hefndir og jafnvel sjálfsvíg barna. Höfundur kenningarinnar sé þekktur fyrir að styðja kynferðissambönd fullorðinna og barna og styðja málstað kynferðisbrotamanna með barnagirnd umfram málstað barna.

Á Íslandi hefur þó félag um foreldrajafnrétti reynt að þrýsta á að lögum verði breytt þannig að kenningin hljóti viðurkenningu héraendis svo að réttarkerfið taki hana upp í forsjár- og umgengnisdeilum. Gunnar segir kenninguna ekki uppfylla skilyrði vísindalegra rannsókna og hafi verið ranglega kynnt fyrir dómstólum. Því sé mikilvægt að dómarar, sýslumenn og fleiri sem vinna að slíkum málum, hafi raunsanna þekkingu á hugtakinu.

Aðrar rannsóknir sýna fram á að forsjárforeldri, oftast mæður, og börn eru ólíklegust til að bera fram tilhæfulausar ásakanir um ofbeldi og vanrækslu á börnum en öfugt sé farið með forsjárlaust foreldri, oftast föður.

Gunnar segir að forsjár- og umgengnisdeilur snúist ekki um jafnrétti foreldranna, heldur hvað sé best fyrir börnin. Börnum í þessari stöðu þurfi að sýna skilning, virðingu, umhyggju og mildi, ásamt að taka mark á því sem þau segja.<sup>85</sup>

Það styðja einnig lögin, þ.e. að alltaf skuli hafa hagsmuni barns í fyrirrúmi í öllum málum er það varðar og að börn eigi að fá að tjá sig um sín mál og það sé hlustað á þau, eftir því sem þroski þeirra leyfir.<sup>86</sup>

Í fréttamiðlum hefur birst viðtal við móður og tvö stálpuð börn hennar, þar sem móðirin hafði verið sökuð um tálmun í þrjú ár. Börnin lýsa ofbeldi af hálfu föður og lýsa yfir að vilja ekki vera hjá honum, en móðirin fékk þrjá dagsektarúrskurði og faðirinn játaði ofbeldið. Þrátt fyrir játningu föður, áverkavottorð og gögn sálfræðinga um vanlíðan og kvíða barnanna, var umgengni komið á með eftirliti og síðar án þess. Börnin upplifa að kerfið hafi brugðist sér.<sup>87</sup>

---

<sup>85</sup> Gunnar Hrafn Birgisson (2009). Foreldra firringar heilkenni (PAS) í forsjár- og umgengnisdeilum, bls. 165–193.

<sup>86</sup> 1. og 2. gr. barnalaga nr. 76/2003.

<sup>87</sup> Sveinn Arnarsson (2018). Loksins fáum við að segja frá, bls. 22–24.

## 4.4 Samantekt

Umgengnistálmun felst í að annaðhvort forsjár- eða lögheimilisforeldri hindrar að lögbundinn umgengnisréttur, samningur um umgengi sem staðfestur er af sýslumanni eða úrskurður nái fram að ganga. Þá er talað um tálmun, umgengnistálmun. Umgengnistálmun getur falist í að halda barni í læstri íbúð þegar á að sækja það, fara á brott af heimili eða þeim stað sem umgengni á að hefjast, mæta ekki á þann stað sem á að afhenda barn eða á einhvern hátt koma í veg fyrir að úrskurður varðandi umgengni sé ekki framkvæmdur. Í ákvörðunum slíkra mála ber alltaf að hafa hagsmuni barnsins í fyrirrúmi. Fram hefur komið frumvarp um að gera umgengnistálmun refsiverða, með þeim rökum að slíkt sé ofbeldi gegn barni og því foreldri sem tálmað er fyrir. Flestir umsagnaraðilar frumvarpsins hafa bent á að það geti ekki verið hagur barnsins að fangelsa foreldri þess. Gunnar Hrafn Birgisson sálfræðingur hefur skrifað áhugaverða grein um slíkt ofbeldi þar sem kenningin er skoðuð.

## 5. Sýslumaður og umgengni/forsjá barna

Ein af undirgreinum lögfræðinnar er sifjaréttur sem fjallar meðal annars um lögvarin fjölskyldubönd og réttarstöðu hjóna, foreldra og barna.<sup>88</sup> Sýslumaður fer með þessi mál, þ.e. fjölskyldu/sifjamál ásamt öðrum verkefnum. Undir fjölskyldumál/sifjamál falla svo mál er varða umgengni forsjá barna, því fer sýslumaður með þau mál.<sup>89</sup>

Á Íslandi eru embætti sýslumanna nú níu. Hver sýslumaður fer með framkvæmdarvald og stjórnábyrgð ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi eða landshluta, líkt og lög og reglugerðir kveða á um. Embætti sýslumanna heyra undir dómsmálaráðherra.<sup>90</sup>

Stjórnábyrgð ríkisins, sveitarfélaga og stofnana á þeirra vegum um starfsemi, ákvarðanatöku og málsmeðferð stjórnvalda fellur undir stjórnábyrgð og fjallar um framkvæmdarvaldið. Því þurfa sýslumenn að gæta að stjórnábyrgð lögum sem geyma mikilvægar reglur um ákvarðanatöku og málsmeðferð mála.<sup>91</sup> Í umgengni- og forsjármálum eru þessar málsmeðferðarreglur mikilvægar, það er málshraðareglan, rannsóknareglan og meðalhófsreglan ásamt almennum málsmeðferðarreglum stjórnábyrgð laganna,<sup>92</sup> en fyrst og fremst ber að huga að hagsmunum barnsins samkvæmt 5. gr. laga um breytingu á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994, 3. mgr. 76. gr. stj.skr. og 47. gr. barnalaga nr. 76/2003. Einnig er ítrekað fjallað um að hafa hagsmuni barna í fyrirrumi í frumvarpi barnalaganna.<sup>93</sup>

Umgengnisréttur nýtur verndar í 1. mgr. 71. gr. stj.skr. og 8. gr. laga um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 líkt og nefnt var í 2. kafla. Þessar tvær greinar tryggja að hjón og sambúðarfólk geti farið með forsjá barna sinna án afskipta stjórnvalda og rétt fjölskyldna til þess að búa saman.<sup>94</sup> Þannig hafa foreldrar heimild til þess að gera samning um umgengni, sín á milli, án afskipta hins opinbera. Slíkan samning er hægt að fá staðfestan hjá sýslumanni þó svo það sé ekki nauðsynlegt.<sup>95</sup> Ef staðfestur samningur um umgengni er ekki virtur, getur sá aðili sem sætir umgengnistálmun farið fram á þvingunarúrræði. Þeim er þó aðeins beitt sé fyrir hendi samningur um umgengni sem staðfestur er af sýslumanni sbr. 1. mgr. 48. gr. barnalaga nr. 76/2003. Ekki hefur verið talið til hagsbóta fyrir barn að vera þvingað í

<sup>88</sup> Páll Sigurðsson (2008). *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 382.

<sup>89</sup> Reglugerð um stjórnábyrgð mála samkvæmt barnalögum nr. 231/1992, með síðari breytingum.

<sup>90</sup> Alþt. 2013–2014. Þskj. 458, 250. mál, 143. löggjafarþing.

<sup>91</sup> Páll Hreinsson (2013). *Stjórnábyrgð – Málsmeðferð*.

<sup>92</sup> Stjórnábyrgð nr. 37/1993.

<sup>93</sup> Alþt. 2011–2012. Þskj. 328, 290. mál, 140. löggjafarþing.

<sup>94</sup> Björg Thorarensen (2008). *Stjórnábyrgð – Mannréttindi*, bls. 313.

<sup>95</sup> 4.–5. mgr. 46. gr. barnalaga nr. 76/2003.

umgengni við foreldri sem sjálft virðir ekki umgengnisrétt sinn, því eru ekki til þvingunarúrræði sem taka á slíku.<sup>96</sup>

Vernd og umönnun sem velferð barns krefst skal samkvæmt 3. mgr. 76. gr. stjkskr., tryggð í lögum. Þannig eiga börn rétt á að njóta umönnunar beggja foreldra sinna eins og unnt er sbr. 7. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992 og að réttur barns til þess að halda tengslum og sambandi við foreldra sem það hefur verið skilið frá sé virtur, sé það ekki andstætt hagsmunum barns sbr. 3. mgr. 9. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992. Ekki hafa verið settar fastmótaðar reglur um inntak umgengni sem getur bundið hendur foreldra og úrskurðaraðila í íslenskum barnarétti, heldur þarf að kanna hagsmuni og þarfir barns í hverju tilviki fyrir sig.<sup>97</sup> Þau sjónarmið sem sýslumanni ber að líta til, við ákvörðun á umgengni, er að kanna tengsl barns við báða foreldra, aldur barns, stöðugleika í lífi barns, búsetu foreldra og vilja barns að teknu tilliti til aldurs og þroska. Einnig þarf að meta hættu á að foreldri eða aðrir á heimili barns hafi orðið eða verði fyrir ofbeldi og hvort ágreiningur/samskipti foreldra séu líkleg til að koma í veg fyrir, hindra eða draga úr möguleikum barns til að alast upp við þroskavænleg skilyrði. Má í þessu samhengi benda á Hæstaréttardóm nr. 8/2021 þar sem litið var til matsgerðar:

Aðilar deildu um forsjá dóttur sinnar og umgengni föður við dóttur sína. Gerð var matsgerð um forsjárhæfni foreldra og tengslum barns við þá. Niðurstaða matsmanns var að báðir aðilar væru hæfir uppalendur. Leit matsmaður til grunntengsla barns við báða foreldra, hæfni þeirra til daglegrar umönnunar og umsjá barns, skilnings þeirra á þörfum barnsins, vilja barnsins en vegna ungs aldurs og þroska var ekki hægt að afla afstöðu þess og svo hvort foreldrið væri líklegra til þess að viðhalda eðlilegri umgengni. Minnst dómurinn á mikilvægi þess að börnum skuli tryggð vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og það sem barni er best skuli alltaf hafa forgang.

Hið sama á við er úrskurða á umgengi barns við nána vandamenn eða aðra nákomna. Ákvörðun um umgengni/forsjá skal ávallt taka eftir því sem barni er fyrir bestu sbr. 47. gr. barnalaga nr. 76/2003. Sýslumaður getur á öllum stigum máls leitað liðsinnis sérfræðings í málefnum barna, umsagna eða annars sem til skoðunar getur komið í málefnum barna sbr. 74. gr. barnalaga nr. 76/2003. Þetta geta m.a. verið sérfræðingar sem eru fastir starfsmenn sýslumanna, t.d. félagsráðgjafar eða sálfræðingar.<sup>98</sup> Líkt og í dómnum sem nefndur er hér að framan þá var

<sup>96</sup> Alþt. 2002–2003. Þskj. 181, 180. mál, 128. löggjafarþing.

<sup>97</sup> Alþt. 2011–2012. Þskj. 328, 290. mál, 143. löggjafarþing.

<sup>98</sup> Stjórnarráð Íslands (e.d.-c). Umgengni og umgengnisréttur.

leitað til tveggja sálfræðinga, en svo eru úrskurðir sýslumanns kæránlegir til ráðherra sbr. 4. mgr. 47. gr. a. barnalaga nr. 76/2003.

Úrskurð sýslumanns má kæra til ráðuneytis en það frestar þó ekki réttaráhrifum úrskurðarins, nema sýslumaður taki það fram í sjálfum úrskurðinum. Sé slíkt gert þá verður umgengi ekki þvinguð fyrr en að ráðuneyti hefur komist að niðurstöðu í málinu.<sup>99</sup>

Þegar foreldra greinir á vegna forsjá, lögheimili, umgengni eða umgengnistálmanir eru úrræði sýslumanns sáttameðferð, dagsektir til að koma á umgengni, fjárnám fyrir dagsektum og að koma á umgengni með aðför. Þessi úrræði eru lögfest í 33. gr., 33. gr. a., 48. gr., 49. gr. og 50. gr. barnalaga nr. 76/2003.

## 5.1 Sáttameðferð

Áður en krafist er úrskurðar sýslumanns eða höfðað mál, þegar aðilar deila um forsjá, lögheimili, umgengni, dagsektir eða aðför þá eru aðilar skyldugir til þess að leita sátta og fara í sáttameðferð hjá sýslumanni. Sýslumaður býður upp á sáttameðferð þó svo aðilar geti leitað til sérfræðinga í sáttameðferð og málefnum barna sbr. 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003.

Fari sáttameðferð ekki fram er öllum þvingunarúrræðum vísað frá. Má í því samhengi benda á Landsréttardóm nr. 147/2020, þar sem að kærður var úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur um frávísun máls á þeim forsendum að ágreiningur foreldra um forsjá barnanna í sáttameðferð hefði ekki verið ræddur. Landsréttur staðfesti dóm héraðsdóms um frávísun málsins á þeim grundvelli að sáttameðferð væri ófrávíkjanleg skylda áður en mál er höfðað.

Sáttameðferð á að hjálpa foreldrum að finna þá úrlausn sem best hagnast barninu sbr. 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003. Mælst er til þess að foreldrar mæti saman í viðtölin, sé það möguleiki. Í undantekningartilfellum getur sýslumaður látið hjá líða að bjóða upp á sáttameðferð, telji hann að hún muni ekki bera árangur.<sup>100</sup> Hér má benda á dóm Landsréttar nr. 554/2018, þar sem umgengnisforeldri kærði dóm héraðsdóms Reykjavíkur um forsjá barns síns á þeim grundvelli að fullnægjandi sáttameðferð hefði ekki farið fram. Í dómunum er tekið fram að lágmarksinntak sáttameðferðar væri helsta ágreiningsefni. Í sáttameðferð hefði afstaða aðila til þeirra ágreiningsefna komið fram og því væri það mat sáttarmanns og Landsréttar að fullnægjandi sáttameðferð hefði farið fram og dómur Héraðsdóms Reykjavíkur því staðfestur. Þegar annað eða bæði foreldri mætir ekki í sáttameðferð er sýslumanni heimilt, eftir tvær kvaðningar, að gefa út árangurslaust sáttarvottorð. Eftir árangurslausa sáttameðferð, gefur

<sup>99</sup> Alþt. 2002–2003. Þskj. 181, 180. mál, 128. löggjafarþing.

<sup>100</sup> Alþt. 2002–2003. Þskj. 181, 180. mál, 128. löggjafarþing.

sáttarmaður út sáttarvottorð sem gildir í 6 mánuði. Sé sáttameðferð árangurslaus, þá er hægt að krefjast úrskurðar á umgengni eða höfða forsjármál.<sup>101</sup> Eftir að sáttameðferð var lögfest þá hefur skyldubundin sáttameðferð þjónað tilgangi sínum. Dómsmálum um forsjá- og lögheimili hefur fækkað en fjölgað hjá embættum sýslumanna og því hægt að álykta að foreldrum takist að leysa ágreining sinn og komast að samkomulagi og samningi sín á milli. Árið 2015 var fjöldi forsjár- eða lögheimilismála 144 á höfuðborgarsvæðinu, 80 sáttarvottorð voru gefin út, í 61 máli tókust sættir en í 40 málum fór ekki fram virk sáttameðferð þ.e. annar eða báðir aðilar mættu ekki og sáttavottorð því ekki gefið út. Á landsbyggðinni var 99 málum vísað í sáttameðferð og sættir tókust í 34 málum, hið sama ár. Sáttameðferð og sáttarvottorð hafa einnig áhrif á niðurstöðu dómsmála.<sup>102</sup>

Sjái foreldri sér ekki fært að gegna skyldum sínum er varða umgengni, með dvöl á heimili þess, getur sýslumaður úrskurðað um bréfa- og símasamband. Undir þetta fellur tölvupóstur og samskiptamiðlar líkt og Facebook og Skype.<sup>103</sup> Vænkist hagur barns eða aðstæður foreldra breytast getur sýslumaður felld úrskurð úr gildi eða breytt honum, sé það hagur barns. Sýslumaður getur einnig synjað ákvörðun um inntak umgengni eða breytingum á samning um umgengni, sé það ekki til hagsbóta fyrir barn. Þessari heimild er beitt þegar barn er orðið það stálpað og það vill ráða sjálft hvernig umgengni á að vera háttað, einnig þegar barn er það ungt og hefur ekki átt tengsl við foreldrið sem krefst úrskurðar.<sup>104</sup> Sé sérstök ástæða fyrir, þá getur sýslumaður einnig mælt til þess að umgengni fari fram undir eftirliti sérfræðings í málefnum barna, að undangengnu samráði við Barnaverndarnefnd, í úrskurði sínum. Það er einkum þegar harkalegar deilur eru milli foreldra og þegar mjög ung börn eiga í hlut, þannig að óttast er að ekki fari nægilega vel um barn.<sup>105</sup> Slíkt er t.d. rætt um að hafi verið gert í dómi Landsréttar, í Hæstaréttardómi nr. 8/2008, til að styðja við aðila og stuðla að því að umgengni færi vel fram. Sýslumaður getur einnig staðfest samning um umgengni barns við aðra en foreldra.<sup>106</sup>

Þegar sýslumaður hefur úrskurðað um umgengni en reglubundin umgengni kemst ekki á, getur foreldri sett fram kröfu um að sýslumaður beiti ákveðnum þvingunarúrræðum. Skilyrði fyrir þvingunarúrræðum er staðfestur samningur foreldra af sýslumanni, úrskurður sýslumanns,

<sup>101</sup> 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003.

<sup>102</sup> Innanríkisráðuneyti (2016). *Áhrif sáttameðferðar í forsjármálum sbr. 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003.*

<sup>103</sup> Alþt. 2002–2003. Þskj. 181, 180. mál, 128. löggjafarþing.

<sup>104</sup> Alþt. 2001–2002. Þskj. 403, 318. mál, 127. löggjafarþing.

<sup>105</sup> Alþt. 2001–2002. Þskj. 403, 318. mál, 127. löggjafarþing.

<sup>106</sup> Lög nr. 61/2012 um breytingu á barnalögum.



dómsátt eða dómur um umgengni, líkt og rakið hefur verið hér að ofan. Ef beita á þvingunarráðstöfunum þá er skilyrði að umgengnistálmun hafi átt sér stað.<sup>107</sup>

## 5.2 Dagsektir

Fyrsta þvingunarúrræði í lögum vegna umgengnistálmunar voru dagsektir.<sup>108</sup> Þessi heimild er nú í 48. gr. barnalaga nr. 76/2003. Þegar sýslumaður hefur úrskurðað um umgengni, en reglubundin umgengni hefur ekki komist á, er fyrsta úrræði þess sem sætir umgengnistálmun, að krefjast dagsekta sbr. 48. gr. barnalaga nr. 76/2003. Dagsektir eru fjárgreiðsla sem aðila er gert skylt að greiða samkvæmt ákvörðun stjórnvalds, á hendur þeim sem ekki fullnægir þeirri skyldu sem á þeim hvílir. Markmið dagsekta er að knýja fram efndir,<sup>109</sup> sem er að virða lögbundna umgengni, varðandi tálmunarmál. Staðfestur samningur sýslumanns við aðra en foreldra getur einnig orðið grundvöllur til álagningu dagsekta sbr. lög nr. 61/2012 um breytingu á barnalögum. Dagsektum er hægt að beita hvort tveggja í þeim tilvikum sem annað foreldri er með forsjá og þegar forsjá er sameiginleg.<sup>110</sup> Við ákvörðun dagsekta verður sýslumaður að gæta að málsmeðferðarreglum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Má þar annars vegar nefna rannsóknarregluna og hins vegar meðalhófsregluna sbr. 10. og 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Rannsóknarreglan felur í sér að stjórnvaldi, líkt og sýslumanni, ber að rannsaka mál gaumgæfilega áður en ákvörðun er tekin, m.a. um dagsektir, og ganga úr skugga um að skilyrði séu fyrir hendi til þess að beita slíkri þvingunarráðstöfun, þ.e. að í raun sé um umgengnistálmun að ræða. Meðalhófsreglan felur í sér að stjórnvald taki einungis íþyngjandi ákvarðanir þegar lögmætu markmiði er ekki náð með öðru vægara móti. Þess þarf þá að gæta að ekki sé farið strangar í sakir en nauðsynlegt sé.<sup>111</sup> Í dagsektarmálum ber sýslumanni því að líta til tekna og aðstæðna þess sem tálmar í hverju tilviki fyrir sig. Sýslumanni ber einnig að huga að markmiði dagsekta, sem er að koma á lögmætri ákvörðun, koma á reglubundinni umgengni eða knýja fram efndir.<sup>112</sup> Dagsektir geta verið allt að 30.000 kr. fyrir hvern dag sem tálmað er, frá þeim degi er sýslumaður úrskurðar um dagsektir og fram til þess dags þegar umgengni er ekki lengur tálmuð.<sup>113</sup>

Dagsektir falla niður þegar sýslumaður telur að látið hafi verið af tálmun. Þó getur sýslumaður ákveðið í úrskurði sínum um dagsektir, að kröfu aðila, að dagsektir falli ekki niður

---

<sup>107</sup> Barnalög nr. 76/2003.

<sup>108</sup> Lög um stofnun og slit hjúskapar nr. 60/1972.

<sup>109</sup> Páll Hreinsson (2013). *Stjórnarsýsluréttur – Málsmeðferð*, bls. 907.

<sup>110</sup> Alþt. 2002–2003. Þskj. 181, 180. mál, 128. löggjafarþing.

<sup>111</sup> Stjórnarsýslulög nr. 37/1993.

<sup>112</sup> Alþt. 2002–2003. Þskj. 181, 180. mál, 128. löggjafarþing.

<sup>113</sup> Island.is (e.d.-a). Dagsektir vegna hindraðrar umgengni.

fyrir en umgengni hafi farið fram þrisvar sinnum. Þetta er hægt að gera til þess að koma í veg fyrir að lögheimilisforeldri heimili umgengni í eitt skipti, til þess eins að fá dagsektir felðar niður. Slík ákvörðun er háð kröfu aðila, þ.e. foreldris.<sup>114</sup> Í úrskurði Landsréttar í máli nr. 619/2018 er fjallað um dagsektir. Í málinu kemur fram að faðir barnsins krafðist þess að móðir greiddi dagsektir þar sem umgengni væri mjög óregluleg og ekki í samræmi við úrskurð sýslumanns. Niðurstaðan var að móðirin þyrfti að greiða dagsektir þar til látið hefði verið af umgengnistálmun, sem greiða þurfti á 7 daga fresti. Gilti úrskurðurinn í 100 daga, yrði ekki látið af umgengnistálmun. Í kjölfarið krafðist faðirinn að gert yrði fjárnám hjá móður, en það var án árangurs. Þá reyndu aðilar sáttameðferð án árangurs.

Þegar dagsektir hafa verið þrautreyndar og ljóst að þær duga ekki til þess að knýja fram umgengni, er möguleiki á annarri þvingunarráðstöfun þ.e.a.s. fjárnámi fyrir dagsektum sbr. 49. gr. barnalaga nr. 76/2003.

### 5.3 Fjárnám fyrir dagsektum

Þegar dagsektir bera ekki árangur má gera fjárnám fyrir dagsektum samkvæmt kröfu þess sem sætir umgengnistálmun sbr. 49. gr. barnalaga nr. 76/2003, þó að raunverulegur gerðarbeiðandi sé sá sem verður fyrir umgengnistálmun og sá sem þarf að fara fram á nauðungarsölu eða gjaldþrotaskipti, ef því er að skipta. Þá rennur upphæðin til ríkissjóðs en ekki gerðarbeiðanda,<sup>115</sup> líkt og reyndi á í úrskurði Landsréttar nr. 618/2018. Þegar sáttameðferð ber ekki árangur, úrskurður sýslumanns ber ekki árangur, dagsektir og svo fjárnám fyrir ógreiddum dagsektum ber ekki árangur, þá getur fyrst komið til aðfarar sbr. 50. gr. barnalaga nr. 76/2003. Í dómi Landsréttar nr. 618/2018 höfðu öll úrræði verið reynd án árangurs og gat því faðir krafist aðfarargerðar, þ.e. að barnið yrði tekið úr umráðum móður þess til að koma á staðfestri umgengni við föður. Var niðurstaðan að það væri heimilt næstu sex mánuðina, á grundvelli þess að allt annað hefði verið reynt, án árangurs og að ekkert benti til þess að aðstæður væru ekki fullnægjandi til að taka á móti barninu eða að það væri andstætt hagsmunum eða þörfum barnsins.

### 5.4 Aðför

Þegar nýju barnalögin tóku gildi árið 2003 var einnig sett inn í lögin heimild til aðfarargerðar.<sup>116</sup>

---

<sup>114</sup> Alþt. 2002–2003. Þskj. 181, 180. mál, 128. löggjafarþing.

<sup>115</sup> Alþt. 2002–2003. Þskj. 181, 180. mál, 128. löggjafarþing.

<sup>116</sup> Alþt. 2002–2003. Þskj. 181, 180. mál, 128. löggjafarþing.

Þegar öll þvingunarúrræði hafa verið reynd til þess að koma á umgengni og ekki hefur tekist að koma á umgengni þá getur sýslumaður, að kröfu þess sem sætir tálmun, heimilað að umgengni verði komið á með aðför sbr. 50. gr. barnalaga nr. 76/2003. Aðfarargerð á börnum felur í sér að farið er inn á heimili barns eða þann stað sem barnið dvelur á og það sótt til þess að koma á umgengni við það foreldri sem sætir tálmun. Þetta er þó aðeins gert að fullnægðum ákveðnum skilyrðum. Grundvöllur aðfarargerðar er staðfestur samningur, úrskurður, dómur eða dómsátt sem kveðið er á um hvernig umgengni skuli háttáð.<sup>117</sup> Komi til aðfarargerðar á sýslumaður að boða fulltrúa barnaverndarnefndar til að vera viðstaddan aðfarargerð. Sá fulltrúi hefur það hlutverk að gæta hagsmuna barnsins sbr. 3. mgr. 45. gr. barnalaga nr. 76/2003. Sýslumaður getur einnig óskað aðstoðar lögreglu. Lögregla þarf þá að vera óeinkennisklædd og framkvæmd aðfarar með þeim hætti að sem minnst álag verði fyrir barn. Sýslumanni er einnig heimilt að stöðva aðför, telji hann líklegt að barn myndi hljóta skaða af framhaldi hennar.<sup>118</sup> Í úrskurði Landsréttar nr. 618/2018 kemur fram að öll úrræði hafi verið reynd og ekkert komið fram sem er andstætt því að beitt verði aðför til að koma á umgengni.

Ekki er að finna nein viðurlög við brotum gegn umgengnisrétti, heldur aðeins dagsektir, fjárnám fyrir dagsektum og aðfarargerð.<sup>119</sup>

## 5.5 Samantekt

Þegar foreldrum kemur ekki saman um forsjá og eða umgengni barns og af einhverjum ástæðum sætir annað foreldrið umgengnistálmun, er hægt að leita til sýslumanns til þess að koma á umgengni. Sýslumaður býður þá fyrst og fremst upp á sáttameðferð sem foreldrar eru þá boðaðir á saman eða í sitthvoru lagi. Ef sáttameðferð dugar ekki til, til þess að koma á umgengni, úrskurðar sýslumaður um umgengni. Dugi það ekki til að koma á umgengni getur sá sem sætir tálmun krafist dagsekta til þess að reyna að koma á umgengni. Aðeins er hægt að krefjast dagsekta að undangenginni sáttameðferð. Gangi ekki að koma á umgengni með dagsektum og dagsektir jafnvel ógreiddar, þá getur sá sem sætir tálmun krafist fjárnáms vegna ógreiddra dagsekta, þó svo að gerðarbeiðandi sé sá sem sætir tálmun, og þá rennur fjárhæðin alltaf til ríkissjóðs. Þegar úrskurður sýslumanns, sáttameðferð, dagsektir eða fjárnám vegna ógreiddra dagsekta duga ekki til þess að koma á umgengni, þá getur sá er sætir tálmun óskað eftir aðfarargerð. Aðfarargerð er mikið inngríp í líf barns og eru því ströng skilyrði um að búið sé að reyna allt til þess að koma á umgengni og að aðfarargerð skaði barnið ekki á neinn hátt.

<sup>117</sup> Alþt. 2002–2003. Þskj. 181, 180. mál, 128. löggjafarþing.

<sup>118</sup> Hrefna Friðriksdóttir (2013). *Handbók*, bls. 168.

<sup>119</sup> Hrefna Friðriksdóttir (2013). *Handbók*, bls. 178.

Sýslumaður getur fengið liðsinni barnaverndar til þess að gæta hagsmuna barns og óeinkennisklædda lögreglumenn, sé þess þörf.

Oftast leysast ágreiningsmál varðandi umgengni hjá sýslumanni en þau mál sem ekki leysast eru rekin fyrir dómstólum.

## 6. Dómaframkvæmd

Ef umgengni tengist forsjárdeilu (umgengnistálmun) sem ekki næst samkomulag um, má kalla eftir ákvörðun um inntak umgengni, forsjár eða lögheimili barns/barna hjá dómstólum sbr. 6. kafla barnalaga nr. 76/2003.<sup>120</sup> Í niðurstöðum Hæstaréttardóms nr. 8/2021, Hæstaréttardóms nr. 507/2017 og Hæstaréttardóms nr. 24/2017 er kveðið á um inntak umgengni, forsjár og lögheimili barns/barna.

### 6.1 Dómsmál

Skilyrði fyrir því að höfða dómsmál á Íslandi vegna ágreinings út af umgengnistálmun eru að stefndi eða barn sem málið varðar sé búsett/ur á Íslandi og að stefndi eða báðir foreldrar séu íslenskir ríkisborgarar. Sé svo skal leysa málin eftir íslenskum lögum. Þau ákvæði milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að, ganga þó frammar skilyrðum þessum eða að mál skuli rekið á Íslandi, sbr. 36. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Höfða á mál í því heimilisvarnarþingi þar sem barn býr eða að öðrum kosti hins stefnda. Sé hvorugt með heimilisvarnarþing á Íslandi, er það gert á heimilisvarnarþingi stefnanda. Sé enginn þessara aðila með heimilisvarnarþing á Íslandi má gera það í gegnum héraðsdóm Reykjavíkur sbr. 37. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Málin eru rekin eftir almennum reglum einkamála, nema barnalög nr. 76/2003 mæli fyrir um annað sbr. 12., 35., 38. og 42. gr. barnalaga nr. 76/2003. Einkamálalög nr. 91/1991 gilda um meðferð einkamála. Einkamál eru þau mál sem einstaklingar eða lögpersónur höfða á hendur öðrum einstaklingum eða lögpersónum til úrlausnar á réttarágreiningi um réttindi þeirra og skyldur, oft skilgreind sem öll dómsmál sem eru ekki sakamál.<sup>121</sup> Það er í þessum tilfellum sá sem hefur umgengnisrétt en er tálmað fyrir.

Meginreglur einkamálaréttarfars eru réttlát málsmeðferð, réttur til að bera mál undir dómstóla, fljótverk málsmeðferð, sjálfstæður og óvilhallur dómstóll, jafnræði aðila fyrir dómi, það er opinber, munnleg og milliliðalaus málsmeðferð, frjálst sönnunarmat og málsforræðisreglan.<sup>122</sup>

Eftir að mál er dómtekið geta aðilar ekki borið fram nýjar málsástæður né andmæli, en allt fram að því. Dómari er hins vegar ekki bundinn af málsástæðum aðila sbr. 41. gr. barnalaga nr. 76/2003.

<sup>120</sup> Alþt. 2002–2003. Þskj. 181, 180. mál, 128. löggjafarþing.

<sup>121</sup> Páll Sigurðsson (2008). *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 99.

<sup>122</sup> Lögrétta (e.d.). Einkamálaréttarfar.

Í dómsorði þarf að taka fram hvort áfrýjun fresti réttaráhrifum. Slíkt er t.d. tekið fram í Hæstaréttardómi nr. 8/2021 þ.e. að áfrýjun Landsréttar fresti ekki réttaráhrifum dómsins sbr. 44. gr. barnalaga nr. 76/2003. Með tilliti til einkahagsmuna á að afmá atriði sem eiga að fara leynt, áður en endurrit úr þingbókum og dómabókum eru afhent öðrum en aðilum að málinu sbr. 19. gr. og 44. gr. barnalaga nr. 76/2003, s.s. nöfn aðila.

Dómari á að fylgjast með öflun sönnunargagna, leggja fyrir aðila að afla vissra gagna eða afla þeirra sjálfur sbr. 43. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Málsmeðferðin og sakarefnið hefur mikla þýðingu fyrir barn/börn sem deilan snýst um. Úrlausn máls hefur afdrifaríkar afleiðingar á daglegt líf og framtíð þeirra. Í svona málum er tekin ákvörðun um forsjá barnsins þó svo barnið eða börnin séu ekki aðili/aðilar að málinu. Þó er reglunum ætlað að gæta hagsmuna barnsins.<sup>123</sup>

## 6.2 Til hvers ber dómara að líta

Greini foreldra á um umgengni eða forsjá barns sker dómari úr málinu, takist ekki sáttameðferð. Er þetta gert eftir því sem er barninu fyrir bestu. Ber dómara að líta til hæfis foreldra, stöðugleika í lífi barns, tengsla barns við báða foreldra, skyldu foreldranna til þess að tryggja rétt barnsins á umgengni við hitt, hættu á að barn, foreldri eða aðrir á heimili barnsins hafi orðið eða verði fyrir ofbeldi og vilja barnsins að teknu tilliti til aldurs og þroska, hvort forsjá hafi verið sameiginleg áður, aldur og þroska barns, hvort ágreiningur og samskipti foreldra gæti hindrað eða dregið úr möguleikum barnsins á að alast upp við þroskavænleg skilyrði. Dómari getur ákveðið að forsjá verði hjá öðru foreldrinu eða báðum og þá jafnframt hjá hvoru foreldrinu lögheimili verður, um meðlag sé þess þörf, hvernig umgengni skuli háttað og kostnað vegna umgengni. Dómari sendir svo þjóðskrá upplýsingar um niðurstöðu sbr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003. Í niðurstöðu Hæstaréttardóms nr. 8/2021 segir að hagsmunum barnsins sé betur varið hjá B til að sinna þörfum barnsins, vegna hæfis B sem uppalanda, tengsla B við barnið og mikilvægi þess að varðveita stöðugleika í lífi þess. Barnið ætti þó að njóta ríflegrar umgengni við A til að viðhalda og elfa tengsl þeirra og að B yrði að hlíta því og stuðla að umgengni í þágu barnsins. Í málinu skoðar dómari hvernig hagsmunum barnsins er best varið varðandi þá hluti sem að honum ber að líta til.

Dómstólar hafa rúmt vald til að ákveða hver eigi að fara með forsjá svo lengi sem niðurstaðan sé barni fyrir bestu. Þeir eru þó bundnir framlögðum gögnum í málinu.<sup>124</sup>

<sup>123</sup> Sigríður Ingvarsdóttir (1996). *Gagnaöflun í forsjármálum*, bls. 5.

<sup>124</sup> Sigríður Ingvarsdóttir (1996). *Gagnaöflun í forsjármálum*, bls. 8.

### 6.3 Málshraði

Flýta þarf meðferð máls, sbr. einnig málshraðareglu stjórnáslaganna, sem á að vera fyrir luktum dyrum sbr. 38. gr. barnalaga nr. 76/2003. Í Hæstaréttardómi nr. 8/2021 snerist ágreiningur um að móðir sakaði föður um að hafa brotið kynferðislega gegn barninu og það væri því ekki öruggt hjá föðurnum. Því hafði móðir takmarkað umgengni barnsins allt frá hausti 2018. Héraðsdómur var kveðinn upp í júlí 2019, dómur Landsréttar í málinu var kveðinn upp í desember 2020 og að lokum var Hæstaréttardómur kveðinn upp 2021. Þar sem barnið fæddist árið 2015 og umgengni hafði verið tálmuð frá 2018, þ.e. 3 ár af lífi barnsins sem var orðið 6 ára þegar Hæstiréttur komst að niðurstöðu. Matsmaður telur að samskipti milli barns og föður hafi verið lítil, tengslarof hafi átt sér stað milli þeirra og barnið sé ekki háð föðurnum um daglegar þarfir.

### 6.4 Mat og matsmenn

Dómari getur óskað eftir sérfræðilegum álitsgerðum, þ.e. dómkvöddum matsmanni.

Við málarekstur þarf dómari að meta hvort sé líklegt að sættir náist og reyna að setta mál með tilliti til hagsmuna barns/barna. Þannig getur dómari leitað aðstoðar sérfræðinga til sáttaumleitan. Hann getur einnig ákveðið að sátta verði leitað með sátta meðferð sbr. 40. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Þegar dómari er ekki fær um að framkvæma mat án sérfræðilegrar aðstoðar, þarf hann að afla sér sérfræðiálits áður en leyst er úr deilum. Það gæti þurft að fara fram sérfræðilegt mat á aðstæðum barns, tengslum við foreldra, systkini eða aðra nákomna, atriði varðandi uppeldi þess, aðbúnað og framtíð. Það getur einnig þurft að fá mat á forsjárhæfni foreldra, s.s. hvort tengd systkini eru, hvort það sé hagur barns að skipta um umhverfi, hvort barn taki afstöðu með einu foreldri út frá eigin vilja eða af samúð, hvort barn glími við sérstaka erfiðleika og hvort foreldrið sé þá líklegra til að koma til móts við þarfir þess og hjá hvoru foreldrinu barnið eigi betri möguleika á að þroskast eðlilega.<sup>125</sup> Hlutverk matsmanns eða sérfræðings er að veita upplýsingar sem gera dómara fært um að taka ákvörðun í málinu í samræmi við hagsmuni barnsins.<sup>126</sup>

---

<sup>125</sup> Sigríður Ingvarsdóttir (1996). *Gagnaöflun í forsjármálum*, bls. 82–83.

<sup>126</sup> Sigríður Ingvarsdóttir (1996). *Gagnaöflun í forsjármálum*. bls. 88–89.

Barn sem hefur náð nægilegum þroska hefur rétt á að tjá sig um sitt eigið mál. Dómari tilkynnir barnavernd um aðstæður barns sé þörf á því og verður þá barnavernd taka málið til meðferðar sbr. 43. gr. barnalaga nr. 76/2003.

## 6.5 Þegar niðurstöðu dómstóla er ekki fylgt

Komi til þess að sá sem barn dvelst hjá neiti þrátt fyrir úrskurð dómara að afhenda barn eða veita upplýsingar, þ.e. tálmar umgengni þrátt fyrir úrskurð eða dóm um umgengni, þá er hægt að kröfu þess sem tálmað er fyrir, að kveða upp úrskurð um dagsektir og síðar aðför ef ekki gengur að koma á umgengni.

Komi til aðfarar er skylt að boða fulltrúa barnaverndar til þess að vera viðstaddan, til að gæta hagsmuna barnsins og jafnvel lögreglu teljist það nauðsynlegt. Lögreglumenn þurfa þá að vera óeinkennisklæddir. Aðför þarf að haga þannig að barn verði fyrir sem minnstu álagi sbr. 45. gr. barnalaga.

Aðför fer ekki fram sé talið að andlegri eða líkamlegri velferð barns sé stefnt í voða og stundum er aðför frestað sé vafi á því hvort velferð barns sé stefnt í voða með henni en þá er aflað sérfræðilegrar álitsgerðar.<sup>127</sup>

## 6.6 Samantekt

Líkt og hefur margsinnis komið fram með vísan í ýmsar lagagreinar þá þarf alltaf að hafa hagsmuni barns í fyrirrúmi við úrlausn mála. Það á einnig við varðandi hagsmuni barns þegar dómari úrskurðar um niðurstöður mála þar sem umgengnistálmun hefur verið viðhöfð. Dómari þarf að líta til margra atriða varðandi slík mál og oftast þarf að dómkveða matsmenn með sérþekkingu í ýmsum málum, til þess að dómari geti leyst úr deilum. Málshraði er helst til langur með tilliti til hagsmuna barns, sérstaklega þegar litið er til þess að málið sé tekið fyrir á öllum dómstigum sbr. mál nr. 8/2021.

---

<sup>127</sup> Alþt. 2002–2003. Þskj. 181, 180. mál. 128. löggjafarþing.



## 7. Barnavernd

Markmið barnaverndarlaga er að tryggja að börn sem stofna eigin heilsu og þroska í hættu eða búa við óviðunandi aðstæður fái þá aðstoð sem þau þurfa. Þetta er reynt að gera með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu eða beita úrræðum til verndar einstökum börnum. Í allri starfsemi barnaverndaryfirvalda þurfa starfsmenn að hafa hagsmuni barns í fyrirrúmi, taka tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur og þroski leyfir, stuðla að stöðugleika í uppveksti þeirra, eiga góða samvinnu við bæði börn og foreldra og sýna þeim nærgætni og virðingu, vera í góðri samvinnu við aðrar stofnanir er varða málefni barna, gæta samræmis og jafnræðis í störfum sínum og ákvörðunum, reyna öll almenn úrræði í boði áður en gripið er til íþyngjandi ákvarðana, sbr. meðalhófsreglu og beita vægustu ráðstöfunum til að ná markmiðum sbr. meðalhófsreglu. Barnavernd er bundin þagnarskyldu.

Barnaverndaryfirvöld heyra undir félags- og barnamálaráðherra eða félagsmálaráðuneyti. Barnaverndaryfirvöld eru Barnaverndarstofa, úrskurðarnefnd velferðarmála og barnaverndarnefndir. Barnaverndarstofa fer með eftirlit með störfum barnaverndarnefnda og er ávallt hægt að skjóta úrskurðum barnaverndarnefnda til úrskurðarnefndar velferðarmála. Einnig geta barnaverndarnefndir skotið málum sínum til barnaverndarstofu eða úrskurðar velferðarmála. Barnaverndarnefndir starfa á vegum sveitarstjórna og eru þær skipaðar fimm mönnum og fimm varamönnum. Úrskurðum barnaverndar verður þó ekki skotið til sveitarstjórnar og er sveitarstjórn óheimilt að gefa fyrimæli eða fá aðgang að gögnum og upplýsingum um einstök mál barnaverndarnefnda. Barnavernd í umdæmi barns þar sem það á fasta búsetu sér um úrlausn í máli þess.

Hlutverk barnaverndarnefnda er að hafa eftirlit, beita úrræðum og sinna öðrum verkefnum sem þeim er falið samkvæmt lögum. Þær hafa eftirlit með aðbúnaði, hátterni og uppeldisskilyrðum barna og meta þarfir þeirra er búa við óviðunandi aðstæður, sæta illri meðferð eða eiga í alvarlegum félagslegum erfiðleikum. Þær beita úrræðum til verndar börnum sem best á við hverju sinni með tilliti til hagsmuna og velferðar barna. Allir sem hafa afskipti af málefnum barna vegna stöðu og starfa sinna, eiga að leitast við að vera í góðu samstarfi við barnaverndaryfirvöld, meðal annars sjúkrastofnanir og lögregla sem á að veita þeim aðstoð við úrlausn mála eftir atvikum.

Almennt hefur barnavernd 7 daga til að taka afstöðu um hvort ástæða sé til þess að hefja könnun á máli, eftir að það hefur fengið upplýsingar eða tilkynningu um mál. Könnun á barnaverndarmáli hefst ekki nema rökstuddur grunur sé um tilefni þess. Málið er talið barnaverndarmál eftir að barnavernd hefur tekið ákvörðun um að skoða málið. Tilkynna þarf

foreldrum um að tilkynning hafi borist nema vegna ríkra rannsóknarhagsmuna. Barnaverndarnefnd aflar allra nauðsynlegra upplýsinga um aðstæður barns, svo sem um andlegt og líkamlegt ásigkomulag, tengsl við foreldra eða aðra, hagi foreldra, aðbúnað barns á heimili, skólagöngu, hegðun og líðan þess, jafnvel með aðstoð sérfræðinga ef þurfa þykir. Barnaverndarnefnd metur í kjölfarið þörf á úrræðum. Náist ekki samkomulag við foreldra eða barn um úrræði, tekur barnavernd einhliða ákvörðun um framvindu og beitingu úrræða í máli.<sup>128</sup>

## 7.1 Forsjársvipting

Barnaverndarnefnd getur krafist forsjársviptingar annars eða beggja foreldra, fyrir dómi. Krafan er ekki gerð nema ekki sé hægt að beita öðrum vægari úrræðum og slíkar aðgerðir hafi verið reyndar án árangurs. Þetta er gert telji barnavernd að daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra og barns sé ábótavant, ef sjúku eða fötluðu barni er ekki tryggð viðeigandi meðferð, barninu sé misþyrmt, misboðið kynferðislega, þoli alvarlega andlega eða líkamlega áreitni eða niðurlægingu á heimilinu, líkamleg eða andleg heilsa eða þroski barns sé í hættu vegna vanhæfni foreldra eða líklegt sé að foreldri valdi barni alvarlegum skaða. Þrátt fyrir þessar málsmeðferðarreglur hefur barnavernd leyfi til að framkvæma ráðstöfun án undangenginnar málsmeðferðar og fara inn á heimili sé talið að barn sé í bráðri hættu. Ef foreldrar afsala sér forsjá eða forsjá er tekin af þeim, fer forsjá til barnaverndarnefndar þar til barnaverndarnefnd ákveður annað, barni skipaður lögráðamaður eða sérstakur fjárhaldsmaður.

Við málsmeðferð barnaverndarmáls gilda málsmeðferðarreglur stjórnarsýslulaga að undanþegnum frávikum barnaverndarlaga, það er leiðbeiningarskylda, rannsóknarregla, málshraðaregla, skráning mála og upplýsinga og andmælaireglan. Þegar aðilar neita að hlýða lögum ákvörðunum barnaverndar, úrskurðarnefndar velferðarmála og dómstóla, aðstoðar lögregla við fullnustu ákvörðunar. Þá verður fulltrúi barnaverndar ávallt að vera viðstaddur ef grípa þarf til slíkra ráðstafana.<sup>129</sup>

## 7.2 Umboðsmaður Alþingis

Umboðsmaður Alþingis hefur eftirlit með stjórnarsýslu ríkis og sveitarfélaga, tryggir rétt borgaranna gagnvart stjórnarsýslunni, gætir jafnræðis, að farið sé að lögum í stjórnarsýslunni og góðir stjórnarsýsluhættir stundaðir. Umboðsmaður Alþingis hefur m.a. eftirlit með að stjórnvöld

<sup>128</sup> Reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd nr. 56/2004 með síðari breytingum.

<sup>129</sup> Barnaverndarlög nr. 80/2002.

hafi að leiðarljósi hvað barni er fyrir bestu við ákvarðanir og úrskurði, m.a. í málum sem snerta börn líkt og barnaverndar-, forsjár- og umgengnismálum.<sup>130</sup> Má í þessu samhengi benda á mál umboðsmanns Alþingis nr. 11316/2021 þar sem aðili kvartaði undan hversu langan tíma sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu tók varðandi ákvörðun um umgengni aðila við barn sitt. Segir umboðsmaður þar að afgreiðslutími sýslumannsins hefði verið til skoðunar hjá umboðsmanni Alþingis en henni væri frestað vegna úrbóta sem dómsmálaráðuneytið boðaði fyrir á árinu. Ekki sé verið að kvarta undan efnislegru niðurstöðu sýslumanns.

### 7.3 Umboðsmaður barna

Tilgangur umboðsmanns barna er að bæta hag barna í samfélaginu.<sup>131</sup> Umboðsmaður barna er embættismaður, óháður fyrirmælum annarra, og stendur vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi barna í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns og fleiri alþjóðasamninga sbr. 1. gr. laga um umboðsmann barna nr. 83/1994. Allir geta leitað til umboðsmanns barna, hann getur tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði eða eftir rökstuddum ábendingum. Hann tekur ekki til meðferðar ágreining milli einstaklinga, honum ber þó að leiðbeina aðilum um leiðir sem eru í boði innan stjórn-sýslunnar fyrir slík mál. Hann endurskoðar ekki ákvarðanir stjórnvalda í einstökum málum sbr. 4. gr. laga um umboðsmann barna nr. 83/1994.

Umboðsmaður barna á að vinna að því m.a. að stjórnvöld og einstaklingar taki fullt tillit til réttinda, þarfa og hagsmuna barna og setja fram ábendingar og tillögur um úrbætur sem snerta hag barna á öllum sviðum samfélagsins. Hann fylgist með þróun og túlkun samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns, að hann sé virtur með því að beina rökstuddri álitserð ásamt tillögum um úrbætur til aðila sbr. 3. gr. laga um umboðsmann barna nr. 83/1994. Honum er ekki ætlað að láta í ljós álit sitt á því hvort stjórnvöld hafi brotið gegn lögum eða góðri stjórn-sýslu við ákvarðanir eða í úrskurðum einstakra mála líkt og forsjár- og umgengnismálum eða hvort barnaverndaryfirvöld hafi farið að lögum við íþyngjandi ákvarðanir. Það er hlutverk umboðsmanns Alþingis. Hins vegar er hlutverk umboðsmanns barna að leiðbeina þeim sem hagsmuna eiga að gæta í slíkum málum um rétt þeirra til endurskoðunar á ákvörðun með málskoti til æðri stjórnvalda, dómstóla eða með vísun máls til umboðsmanns Alþingis. Hins vegar getur vitneskja umboðsmanns barna orðið til þess að hann taki umræddan málaflokk almennt til sérstakrar athugunar telji hann vegið að hagsmunum barna eða réttur þeirra ekki nægilega vel tryggður. Þannig getur umboðsmaður barna komið athugasemdum sínum og

---

<sup>130</sup> Alþt. 1993–1994. Þskj. 573, 377. mál, 117. löggjafarþing.

<sup>131</sup> Alþt. 1993–1994. Þskj. 573, 377. mál, 117. löggjafarþing.

tillögum um úrbætur á framfæri við viðkomandi aðila.<sup>132</sup> Má í þessu samhengi nefna umsögn umboðsmanns barna varðandi frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 varðandi refsingu við tálmun eða takmarkaðrar umgengni. Þar kemst umboðsmaður barna að þeirri niðurstöðu, að rökstuddu máli, að frumvarpið uppfylli ekki kröfur grundvallarreglu Barnasáttmálans um að ráðstafanir yfirvalda varðandi börn skuli byggðar á því hvað börnum er fyrir bestu. Þannig lög og reglur þurfi að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Því mæli umboðsmaður barna ekki með því að lögin verði samþykkt.<sup>133</sup>

## 7.4 Samantekt

Barnaverndaryfirvöld eru Barnaverndarstofa, úrskurðarnefnd velferðarmála og barnaverndarnefndir. Eftir að barnavernd hefur fengið upplýsingar eða tilkynningu um mál hefst könnun á því, ef barnavernd telur rökstuddan grun fyrir því. Barnavernd getur krafist forsjársviptingar fyrir dómi, þegar ekki er hægt að beita öðrum vægari úrræðum.

Umboðsmaður Alþingis getur mögulega komið að málum barna varðandi umgengnistálmanir m.a. ef stjórnvöld hafa ekki haft hagsmuni barns í fyrirrúmi við úrlausnir mála eða ef ekki hefur verið farið eftir málsmeðferðarreglum er varða slík mál. Umboðsmaður barna kemur ekki beint að málum er varða ágreining aðila s.s. umgengnistálmunum en honum ber að leiðbeina um leiðir innan stjórnsýslunnar fyrir slík mál.

---

<sup>132</sup> Alþt. 1993–1994. Þskj. 573, 377. mál, 117. löggjafarþing.

<sup>133</sup> Umboðsmaður barna (2020, 23. nóvember). *Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)*, 103. mál.

## 8. Samanburður við Norðurlönd

Þegar frumvarp til núverandi barnalaga var samið var litið til reglna annarra landa. Sifjalaganefnd framkvæmdi könnun á lögum annarra landa varðandi umgengni og þvingunarúrræði vegna brota á umgengnisrétti. Einkum var litið til Danmerkur, Svíþjóðar, Noregs og Finnlands. Litið var til þess hvernig löggjafinn í þessum löndum hefur tekið á umgengnistálmun.<sup>134</sup>

### 8.1 Danmörk

Tengsl barns við báða foreldra eru tryggð í dönskum lögum.<sup>135</sup> Þannig nýtur það foreldri sem býr ekki með barninu umgengnisréttar.<sup>136</sup> Þegar deilt er um umgengni úrskurða stjórnvöld um umgengni foreldra við barn, umfang, framkvæmd og nauðsynleg atriði því tengdu. Dönsk stjórnvöld þurfa ávallt að taka mið af hagsmunum barnsins þ.e. hvað er barninu fyrir bestu.<sup>137</sup> Þau geta breytt samningi eða úrskurði foreldra, sé það hagur barns. Stjórnvöld geta fellt samning eða úrskurð úr gildi eða hafnað að staðfesta samning um umgengni sé það nauðsynlegt með tilliti til hagsmuna barns.<sup>138</sup> Ákvarðanir um umgengnisrétt er svo hægt að kæra til stofnunar um einkamálarétt, en slík kæra frestar þó ekki fullnustu umgengnisréttar. Dönskum stjórnvöldum er skylt að bjóða foreldrum og börnum upp á sérfræðiráðgjöf varðandi ósamkomulag um forsjá og umgengni. Markmiðið er að hjálpa aðilum að leysa deilur með tilliti til þess hvað sé barninu fyrir bestu.<sup>139</sup>

Í réttarfarslögum er að finna þvingunarúrræði.<sup>140</sup> Grundvöllur aðfarargerðar er dómur, úrskurður dómara að annarra stjórnvalda, ákvarðanir teknar af þeim, réttarsáttum um umgengni og ákvarðanir um forsjá og umgengni teknar af stjórnvöldum.<sup>141</sup> Ákvörðun um forsjá og framkvæmd umgengnisréttar má framkvæma með sektum eða valdbeitingu og er sýslumaður ekki bundinn af kröfu gerðarbeiðanda. Aðför fer ekki fram ef andlegri eða líkamlegri velferð barns er stefnt í voða. Ef vafi leikur á, þá getur sýslumaður frestað aðför til að afla sér sérfræðilegrar álitsgerðar.<sup>142</sup> Sýslumaður getur tilnefnt óhlutdrægan aðila til að sinna þörfum

<sup>134</sup> Alþt. 2002–2003. Þskj. 181, 180. mál, 128. löggjafarþing.

<sup>135</sup> 2. kafli laga um forsjá og umgengni nr. 387/1995 (dönsk lög).

<sup>136</sup> 1. mgr. 16. gr. laga um forsjá og umgengni nr. 387/1995 (dönsk lög).

<sup>137</sup> 1. mgr. 17. gr. laga um forsjá og umgengni nr. 387/1995 (dönsk lög).

<sup>138</sup> 3. mgr. 17. gr. laga um forsjá og umgengni nr. 387/1995 (dönsk lög).

<sup>139</sup> 1. mgr. 28. gr. laga um forsjá og umgengni nr. 387/1995 (dönsk lög).

<sup>140</sup> Réttarfarslög nr. 713/1999 (dönsk lög).

<sup>141</sup> 478. gr. réttarfarslaga nr. 713/1999 (dönsk lög).

<sup>142</sup> 536. gr. réttarfarslaga nr. 713/1999 (dönsk lög).

barns við meðferð máls, t.d. fulltrúa sveitarfélags. Gerðarþoli getur eftir atvikum fengið stuttan frest til þess að afhenda barn.<sup>143</sup>

Sé sektum beitt, ákveður sýslumaður sektir sem gilda þar til barn er afhent. Þó er hægt að ákveða sekt sem fellur í gjalddaga þegar framkvæmd umgengnisréttar er ekki framfylgt á nánar tilgreindum tíma eða að dagsektir skuli leggja á gerðarþola þar til barn er afhent, við fullnustu ákvörðunar um umgengnisrétt. Það má innheimta sektir með fjárnámi en sé það árangurslaust getur gerðarþoli þurft að sæta frelsissviptingu.<sup>144</sup>

## 8.2 Noregur

Í norskum lögum, líkt og í íslenskum og dönskum lögum, er börnum tryggður réttur til umgengni við báða foreldra sína þó svo þau búi ekki saman. Barnið á þannig kröfu á umhyggju og umhugsun þess foreldris sem er með því hverju sinni, sem getur þá tekið ákvarðanir varðandi umhyggju barnsins meðan á umgengni stendur.<sup>145</sup> Í Noregi er hægt að höfða mál fyrir dómstólum eða fara með mál til meðferðar hjá sýslumanni séu aðilar sammála um það. Sýslumaður getur tekið fyrir deilumál vegna umgengnisréttar þó annað foreldrið fari fram á það ef barn hefur náð 15 ára aldri. Ákvörðun um umgengni skal byggjast á því hvað barni er fyrir bestu og skulu málsaðilar leita sátta áður en mál fer til meðferðar hjá dómstólum eða sýslumanni. Í Noregi setur barna- og fjölskylduráðuneytið nánari tilmæli varðandi sáttatilaunir.<sup>146</sup> Tálmi forsjárforeldri eða aðili sem barn býr hjá fyrir umgengni, þá getur sá sem nýtur umgengnisréttar krafist nýrrar ákvörðunar um hjá hverjum barn skuli búa eða skipan forsjár barns.<sup>147</sup>

Einungis er hægt að beita sektum ef ákvæði umgengnisréttar eru ekki virt<sup>148</sup> og þvingunarúrræði fara eftir reglum aðfaralaga um fullnustu kröfu annars en peningakröfu.<sup>149</sup> Að undangenginni kröfu þess sem sætir umgengnistálmun getur sýslumaður annast innheimtu sekta, en héraðsdómur getur einnig ákvarðað sekt sem leggst á í hvert skipti sem umgengnisréttur er ekki virtur, fyrir ákveðin tímabil. Grundvöllur þvingunar er samþykktur samningur frá sýslumanni eða ráðuneytinu. Einnig má fullnusta samkvæmt bráðabirgðaákvörðun um umgengni þó hún sé ekki endanleg.<sup>150</sup>

<sup>143</sup> 2. mgr. 536. gr. réttarfarslaga nr. 713/1999 (dönsk lög).

<sup>144</sup> 3. mgr. 536. gr. réttarfarslaga nr. 713/1999 (dönsk lög).

<sup>145</sup> 44. gr. laga um börn og foreldra nr. 7/1981 (norsk lög).

<sup>146</sup> 3. mgr. 44. gr. a. laga um börn og foreldra nr. 7/1981 (norsk lög).

<sup>147</sup> 39. gr. laga um börn og foreldra nr. 7/1981 (norsk lög).

<sup>148</sup> 48. gr. laga um börn og foreldra nr. 7/1981 (norsk lög).

<sup>149</sup> Lög nr. 86/1992 um aðfarir (norsk lög).

<sup>150</sup> 48. gr. laga um börn og foreldra nr. 7/1981 (norsk lög).

## 8.3 Finnland

Í finnskum lögum segir að tilgangur umgengnisréttar sé að tryggja rétt barns til þess að halda sambandi við báða foreldra og því skuli foreldrar stuðla að því að þeim tilgangi verði náð, með samkomulagi og hagsmuni barns að leiðarljósi.<sup>151</sup> Foreldrar geta samið um umgengnisrétt og hvernig honum skuli háttað,<sup>152</sup> en samþykkt félagsmálanefndar er nauðsynleg til þess að samningurinn teljist gildur og má þá fullnusta samkvæmt samningnum líkt og um úrskurð dóms væri að ræða.<sup>153</sup> Dómstólar geta einnig kveðið upp úrskurð um umgengnisrétt<sup>154</sup> og í slíkum málum skulu hagsmunir barnsins hafðir að leiðarljósi.<sup>155</sup>

Í Finnlandi má fullnusta umgengnisréttar ekki fara fram sé það andstætt óskum barns sem er orðið 12 ára eða eldra, hafi það þroska þannig að hægt sé að taka tillit til vilja þess.<sup>156</sup> Ráðstafanir skal framkvæma á eins tillitssaman hátt og mögulegt er og þannig að það komi barni ekki í uppnám.<sup>157</sup>

Krafa um fullnustu umgengni er beint til dómstóla<sup>158</sup> sem fela sáttasemjara að reyna sátt í málinu. Ekki þarf þó að reyna sáttir í málum þegar velferð barns krefst þess að ákvörðun verði fullnustað þegar í stað, greinilegt sé að sáttameðferð muni ekki bera árangur sbr. undangengnar sáttatilaunir, minna en þrjú mánuðir eru frá ákvörðun og ekki séu sérstök rök fyrir því að mæla fyrir um málamiðlun.<sup>159</sup> Þvingunarúrræði í Finnlandi eru annars vegar sektir eða aðför.<sup>160</sup>

Sektir eru ákvarðaðar að ákveðinni upphæð en geta ráðist af tímalengd. Þess háttar sektir eru ákveðin grunnupphæð og svo viðbótarupphæð fyrir hvert skipti sem ákvörðun er ekki virt, slíkar sektir má þó ekki leggja á lengur en 6 mánuði í senn.<sup>161</sup> Ef dómstóll ákveður að barn skuli sótt með aðför heyrir fullnustan undir sýslumann.<sup>162</sup> Þá þarf sá sem leitaði sátta milli aðila

---

<sup>151</sup> 2. gr. laga nr. 361/1983 um forsjá barna og umgengnisrétt (finnsk lög).

<sup>152</sup> 4. t. l. mgr. 7. gr. laga nr. 361/1983 um forsjá barna og umgengnisrétt (finnsk lög).

<sup>153</sup> 1. mgr. 8. gr. laga nr. 361/1983 um forsjá barna og umgengnisrétt (finnsk lög).

<sup>154</sup> 9. gr. laga nr. 361/1983 um forsjá barna og umgengnisrétt (finnsk lög).

<sup>155</sup> 10. gr. laga nr. 361/1983 um forsjá barna og umgengnisrétt (finnsk lög).

<sup>156</sup> 2. gr. laga um fullnustu ákvarðana um forsjá barna og umgengnisrétt nr. 619/1996 (finnsk lög).

<sup>157</sup> 3. gr. laga um fullnustu ákvarðana um forsjá barna og umgengnisrétt nr. 619/1996 (finnsk lög).

<sup>158</sup> 4. gr. laga um fullnustu ákvarðana um forsjá barna og umgengnisrétt nr. 619/1996 (finnsk lög).

<sup>159</sup> 6. gr. laga um fullnustu ákvarðana um forsjá barna og umgengnisrétt nr. 619/1996 (finnsk lög).

<sup>160</sup> 2. mgr. 16. gr. laga um fullnustu ákvarðana um forsjá barna og umgengnisrétt nr. 619/1996 (finnsk lög).

<sup>161</sup> 18. gr. laga um fullnustu ákvarðana um forsjá barna og umgengnisrétt nr. 619/1996 (finnsk lög).

<sup>162</sup> 21. gr. laga um fullnustu ákvarðana um forsjá barna og umgengnisrétt nr. 619/1996 (finnsk lög).

máls eða fulltrúi félagsmálayfirvalda að vera viðstaddur og sjá til þess að aðili sem stendur barni nærri sé einnig til staðar og læknir eða annar sérfræðingur, sé þörf á því.<sup>163</sup>

---

<sup>163</sup> 24. gr. laga um fullnustu ákvarðana um forsjá barna og umgengnisrétt nr. 619/1996 (finnsk lög).



## 9. Niðurstaða

Farið hefur verið í saumana á því sem skiptir máli varðandi hagsmuni barns í málum er varða umgengnistálmun, þ.e. hugtök og lagaumhverfi, hlutverk sýslumanns, sáttameðferð, þvingunarúræði og dómaframkvæmd, til hvers dómara beri að líta, málshraða og dómkvadda matsmenn, þvingunarráðstafanir þegar niðurstöðu dómstóla er ekki fylgt, hlutverk barnaverndar, umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna og að lokum gerður samanburður við Norðurlönd, lög og frumvörp laga skoðuð ásamt dómum. Þá er það mjög skýrt í íslenskum lögum, frumvörpum, reglugerðum og ýmsum dómum, að hagsmunir barna skuli ávallt vera í fyrirrúmi í málum er varðar börn, þ. á m. í málum er varðar umgengnistálmun, hvort heldur sem um er að ræða mál hjá sýslumanni, dómstólum, barnavernd eða í samskiptum foreldra um barn sitt. Hagsmunir barna eiga að ganga frammar hagsmunum annarra í málum þar sem hagsmunir stangast á. Þar sem einungis er hægt að komast í brot af slíkum málum þ.e. í þeim málum sem fara til dómstóla, þá er einungis hægt að taka mið af því sem fjallað er um í slíkum dómum. Miðað við allt það sem farið hefur verið í gegnum í greinargerðinni er niðurstaða höfundar að hagsmunir barns eru ávallt í fyrirrúmi. Markmið laga eru skýr og telur höfundur ekki þörf á breytingu þeirra.

## **10. Lokaorð**

Áhugavert væri að skoða einungis þá dóma er varða umgengnistálmun, þar sem forræðisforeldri hefur einnig verið ásakað um einhvers konar vanrækslu eða ofbeldi gegn barni. Skoða mætti einnig samhliða þá dóma er varða sakamál um slíka vanrækslu gegn barni eða ofbeldi, með hliðsjón af því hvort hagsmunir barns séu ávallt í fyrirrúmi.

## Heimildaskrá

### Ritaðar heimildir:

*Alþingistíðindi.*

Barnavernd Reykjavíkur. (2019, 3. júní). *Umsögn Barnaverndar Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)*, *Alþt. 2018–2019. Þingskjal 126 – 126. mál.* <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-5702.pdf>

Barnaverndarstofa. (2019, 4. júní). *Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)*, 126. mál. <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-5700.pdf>

Björg Thorarensen. (2008). *Stjórnskipunarréttur – Mannréttindi*. Codex.

Davíð Þór Björgvinsson. (1995). *Barnaréttur*. Bókaútgáfa Orators.

Dögg Pálsdóttir. (2010). Umgengni og umgengnistálmanir. Í Þórhildur Líndal (ritstjóri), *Heiðursrit: Ármann Snævarr 1919–2010* (bls. 93–117). Codex.

Félag um foreldraréttlæti. (2017, 29. maí). *Umsögn: Barnaverndarlög (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)*. <https://www.althingi.is/alttext/erindi/146/146-1508.pdf>

Gunnar Hrafn Birgisson. (2009). Foreldra firringar heilkenni (PAS) í forsjár- og umgengnismálum: Þekking eða blekking? *Tímarit lögfræðinga*, 59(2), 165–195.

Hrefna Friðriksdóttir. (2009). Sifja- og erfðaréttur. Í Róbert Spanó (ritstjóri), *Um lög og rétt: Helstu greinar íslenskrar lögfræði* (bls. 435–512). Codex.

Hrefna Friðriksdóttir. (2013). *Handbók: Barnalögin nr. 76/2003 með síðari breytingum*. Úlfjótur.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir. (2011). Lögfræði: Réttarheimildir og aðferðir lögfræðinnar. Háskólinn á Bifröst.

Innanríkisráðuneyti. (2016). *Áhrif sáttamedferðar í forsjármálum sbr. 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003*. [https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2016/Sattamedferd\\_Lokaskyrsla-a-vefinn.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/frettir-2016/Sattamedferd_Lokaskyrsla-a-vefinn.pdf)

Island.is. (e.d.-a). Dagsektir vegna hindraðrar umgengni. <https://island.is/umgengni-faderni-og-dagsektir>

Island.is. (e.d.-b). Feðrun barns. <https://island.is/fedrun-barns>

Jafnréttisstofa. (2019, 4. júní). *Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)*, þskj. 126, 126. mál. <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-5695.pdf>

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu. (2019, 12. júní). *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)*, 126. mál á 149. löggjafarþingi 2018–2019. <https://www.althingi.is/alttext/erindi/149/149-5746.pdf>

Lögretta. (e.d.). Einkamálaréttarfar. <https://www.logrettaehf.is/einkamalarettur/>

Mannréttindaskrifstofa Íslands. (2019, 29. maí). *Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun*

- eða takmörkun á umgengni*), þskj. 126, 126. mál.  
<https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-5659.pdf>
- Mosfellsbær. (2019, 13. júní). *Frumvarp til breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)*, 126. mál.  
<https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-5753.pdf>
- Páll Hreinsson. (2013). *Stjórnsýsluréttur – Málsmeðferð*. Codex.
- Páll Sigurðsson. (2008). *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Codex.
- Reykjavík.is. (e.d.). Stuðningur við börn og fjölskyldur.  
<https://reykjavik.is/thjonusta/malefni-barna-og-unglinga>
- Sigríður Ingvarsdóttir. (1996). *Gagnaöflun í forsjármálum*. Háskólaútgáfan.
- Skúli Magnússon. (2003). *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar*. Háskólaútgáfan.
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.-a). Persónuréttur.  
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/personurettur/>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.-b). Sýslumenn. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/log-og-rettur/syslumenn/>
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.-c). Umgengni og umgengnisréttur.  
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/malefni-barna/barnarettur/umgengni-og-umgengnisrettur/>
- Sveinn Arnarsson. (2018, 19. maí). Loksins fáum við að segja frá. *Fréttablaðið*, bls. 22–24.
- Umboðsmaður barna. (2020, 23. nóvember). *Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (refsing við tálmun eða takmörkun á umgengni)*, 103. mál. <https://www.althingi.is/altext/erindi/151/151-497.pdf>
- Þórhildur Líndal (ritstjóri). (2007). *Barnasáttmálinn*. Unicef á Íslandi.

### **Lagaskrá:**

- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944  
Lög um stofnun og slit hjúskapar nr. 60/1972  
Lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála  
Stjórnsýslulög nr. 37/1993  
Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994  
Lög um breytingu á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994  
Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994  
Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996  
Lögræðislög nr. 71/1997  
Barnaverndarlög nr. 80/2002  
Barnalög nr. 76/2003  
Lög nr. 61/2012 um breytingu á barnalögum  
Lög nr. 19/2013 um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

### **Dönsk lög:**

- Lög um forsjá og umgengni nr. 387/1995  
Réttarfarslög nr. 713/1999

**Norsk lög:**

Lög um börn og foreldra nr. 7/1981

Lög um aðfarir nr. 86/1992

**Finnsk lög:**

Lög um forsjá barna og umgengnisrétt nr. 361/1983

Lög um fullnustu ákvarðana um forsjá barna og umgengnisrétt nr. 619/1996

**Dómaskrá:**

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-4715/2005

Dómur Hæstaréttar nr. 8/2008

Dómur Hæstaréttar nr. 290/2009

Dómur Hæstaréttar nr. 608/2011

Dómur Hæstaréttar nr. 492/2015

Dómur Hæstaréttar nr. 507/2017

Dómur Hæstaréttar nr. 24/2017

Dómur Landsréttar nr. 554/2018

Dómur Landsréttar nr. 618/2018

Dómur Landsréttar nr. 619/2018

Dómur Landsréttar nr. 147/2020

Dómur Landsréttar nr. 174/2020

Dómur Hæstaréttar nr. 8/2021

Dómur Landsréttar nr. 430/2021

**Úrskurðir:**

Úrskurður umboðsmanns Alþingis nr. 11316/2021

**Reglugerðir:**

Reglugerð um stjórnslumeðferð mála samkvæmt barnalögum nr. 231/1992 með síðari breytingum. <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/domsmalaraduneyti/nr/1278>

Reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd nr. 56/2004 með síðari breytingum. <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/56-2004>

## Hugtaka- og efnisorðalisti

Aðför

Barn

Barnaréttur

Barnaverndarnefnd

Barnaverndaryfirvöld

Dagsekt

Einkamál

Einkaréttur

Feðrun

Foreldri

Foreldrafirring

Foreldraútilokun

Foreldraofbeldi

Forsjá

Forsjárforeldri

Forsjársvipting

Fjárnám fyrir dagsektum

Fjölskylduréttur

Landsréttur

Opinber réttur

Persónuréttur

Sáttameðferð

Sifjaréttur

Stjórnsýsluréttur

Umboðsmaður Alþingis

Umboðsmaður barna

Umgengni

Umgengnisforeldri

Umgengnisréttur

Umgengnistálmun

Þjóðaréttur

Þjóðréttarsamningur